

**SKOÐUN** Berir leggir og upphafning fávísinnar. Sif Sigmarsdóttir skrifar um „græðara“. 15



**MENNING** Hér liggur skáld eftir Þórarin Eldjárn er áhrifamikil og blóðug segir gagnrýnandi Fréttablaðsins. 30



**SPORT** Stelpurnar okkar sáu ekki til sólar gegn Svartfellingum í fyrsta leik sínum á Evrópumótinu í Serbíu. 24







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**5. desember 2012**
286. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Hugbúnaðargeiri kortlagður

Mikil tækifæri felast í aukinni samvinnu innan hugbúnaðargeirans. Það er niðurstaða nýrrar skýrslu þar sem greinin og tækifæri hennar eru kortlögð. **Markaðurinn**

**Hóta málssókn**

Knattspyrnufélagið Fram krefst þess að Reykjavíkurborg standi við samninga um uppbyggingu í Úlfarsárdal. 4

**Grafalvarleg staða**

Uppsagnir 254 hjúkrunarfræðinga Landspítalans taka gildi 1. mars. Grafalvarlegt mál, segir forstjóri spítalans. 6

**Bættar loftvarnir**

Utanríkisráðherrar ríkja Atlantshafsbandalagsins hafa samþykkt að staðsetja Patriot-loftvarnaflaugar í Tyrklandi. 10




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | SA | 11 |
| Akureyri | -2° | SA | 6 |
| Egilsstaðir | -3° | S | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA | 10 |
| Reykjavík | 4° | SA | 15 |

**STORMUR** Suðaustan 10-23 m/s SV-til fram að hádegi og rigning eða slydda en dregur úr vindi síðdegis. Hægari og úrkomulaust að mestu NA-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Fólk




# Kröfuhafar mala gull á bönkunum

Virði krafna á Glitni, Landsbankann og Kaupþing hefur fimmfaldast á fjórum árum. Vogunarsjóðir hafa keypt mikið af kröfum á eftirmarkaði á þeim tíma.

**VIÐSKIPTI** Ætlaðar endurheimtir kröfuhafa Glitnis hafa nífaldast frá því í nóvember 2008. Hjá Landsbankanum hafa þær fimmfaldast og hjá Kaupþingi hafa þær tæplega fjórfaldast. Þetta kemur fram í svari Seðlabanka Íslands við ýmsum spurningum nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um stöðu útgreiðslna til kröfuhafa fallinna banka og fyrirhugaða nauðasamninga þeirra. Svörin voru afhent 21. nóvember síðastliðinn.

Seðlabankinn var meðal annars spurður hvort hann vissi á hvaða verði kröfur á gömlu bankana voru keyptar og um hvaða upphæðir væri að ræða. Í svari hans segir að hann hafi ekki upplýsingar um á hvaða verði og í hvaða magni kröfur hafi verið keyptar, en að „þegar skuldatryggingar á íslensku bankana voru gerðar upp í nóvember 2008 voru endurheimtur ótryggðra kröfuhafa afar lágt metnar (1,25 % í Landsbanka Íslands, 3% í Glitni og 6,625% í Kaupþingi). Frá þeim tíma hafa verið samfelld viðskipti með kröfurnar og í dag er verð þeirra u.þ.b. 6,25% hjá Landsbanka, 27% hjá Glitni og 25,5% hjá Kaupþingi“. Samkvæmt þessu hefur virði krafna á bankana margfaldast á undanförnum árum.

**1.373** milljarðar er virði almennra krafna í bú bankanna miðað við ætlaðar endurheimtur.

Í síðustu birtu fjárhagsupplýsingum frá þrotabúi Glitnis námu samþykktar almennar kröfur í bú bankans 2.263 milljörðum króna. Miðað við gangvirði krafna í dag má ætla að kröfuhafar fái um 611 milljarða króna greidda út úr búinu. Almennir kröfuhafar Kaupþings geta átt von á um 660 milljörðum króna og almennir kröfuhafar Landsbankans um 102 milljörðum króna. Samtals gera það 1.373 milljarða króna. Samanlagt áætlað virði sömu krafna í nóvember 2008 var um 250 milljarðar króna.

Mikil viðskipti hafa verið með kröfur á bankana á síðustu árum. Vogunarsjóðir og aðrir fjárfestingasjóðir hafa verið í forgrunni þeirra sem tekið hafa stórar stöðvar með kaupum á slíkum kröfum.

- þsj / sjá Markaðinn



**BER VIÐ HIMIN** Verið var að ljúka við að reisa vindmyllur Landsvirkjunar við Búrfellsstöð á Suðurlandi í gær. Þær eru um 77 metrar á hæð þegar mastur og mylluspaðar í hæstu stöðu eru lögð saman og eru hluti af verkefni fyrirtækisins við að kanna hagkvæmni vindorkuvinnslu á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Talið að andlát sjúklings á LSH megi rekja til mistaka starfsmanna:

## Tvö andlát á LSH í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Verið er að rannsaka nýleg andlát tveggja sjúklinga á Landspítalanum. Málin tvö eru óskyld, en annar sjúklinganna, einstaklingur á sjötugsaldri, lést á bráðamóttöku spítalans um síðustu helgi og er það mál nú skoðað innan spítalans.

Í hinu tilvikinu er um að ræða einstakling á áttræðisaldri, en fram kom í Kastljósi í gærkvöld að þar léki grunur á að mistök eða vanræksla starfsmanna hefði orðið til þess að sjúklingurinn lést. Lögreglan staðfesti við RÚV að málið væri þar í rannsókn.

Í Kastljósi kom fram að lögregla hefði rætt við nokkra starfsmenn og einn hjúkrunarfræðing væri með réttarstöðu grunaðs manns. Ekki væri talið að mistökin mætti rekja til álags á starfsfólk.

Sjúklingurinn sem lést á bráðamóttökunni um síðustu helgi hafði legið án eftirlits í fjórar klukkustundir eftir að hann kom á spítalann, en samkvæmt frétt RÚV segir í reglum sjúkrahússins að líta eigi eftir með sjúklingum ekki sjaldnar en einu sinni á klukkustund.

Hvorki náðist í Björn Zoëga, forstjóra Landspítalans, né Friðrik Smára Björgvinsson, yfirmann rannsóknardeildar lögreglunnar, í gærkvöld.

- sv







## SPURNING DAGSINS



Rakel, þurfa þetta nokkuð að vera flugteppi?

**„Það væri gott að fá nokkur svoleiðis því það er svo dýrt að fljúga.“**

Rakel Garðarsdóttir er framkvæmdastjóri leikhópsins Vesturports sem þekktur er fyrir mikla loftfimleika í sýningum og auglýsir nú eftir persneskum teppum til að nota í leikmynd fyrir verkið Hamskiptin sem færa á upp í London og í Bandaríkjunum.

Skipulagsstofnun ósammála Umhverfisstofnun um umhverfismat vegna fráveitu frá Svartsengi:

# Telur fráveitu ekki þurfa í umhverfismat

**UMHVERFISMÁL** Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fráveitulögn fyrir affallsvatn frá niðurdælingarsvæði við orkuverið í Svartsengi til sjávar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þetta er þvert á afstöðu Umhverfisstofnunar um að framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu kemur fram að framkvæmdin sé háð ýmsum leyfisveitingum; framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar, sem sé háð breytingu á aðalskipulagi, og starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

HS Orka hefur í hyggju að leggja niðurgrafna stálpípu 4,5 kílómetra leið frá niðurdælingarsvæði fyrirtækisins vestan við fjallið Þorbjörn til sjávar í Arfadalsvík. Þannig á að leysa frárennslismálin til framtíðar en eins og kunnugt er myndar hluti afrennslis frá Svartsengi Bláa lónið. Rök Umhverfisstofnunar til umhverfismats voru meðal annars að óvissa væri um áhrif á lífríki sjávar og strandar við Arfadalsvík þar sem er mikið fugla-, strand-, og sjávarlíf. Lögnin muni að auki valda umtalsverðu raski á tveimur svæðum á náttúruminjaskrá, en í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er tillaga um að umrætt svæði verði friðlýst. - shá



**VIÐ SVARTSENGI** Frá upphafi hefur hluti affallsvatnsins streymt út í hraunið við Svartsengi og myndað þar lón. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TUGIR FÓRUST Á FILIPPSEYJUM** Bopha gerði mikinn usla á Filippseyjum í fyrrinótt og kostaði tugi manna lífið. Flestir þeirra drukknuðu í flóðum sem fylgdu fárviðrinu þegar vatn flæddi niður fjallshlíð yfir þorpið Andap í Compostela-dal. NORDICPHOTOS/AFP

Neyðarástand ríkjandi víða á Filippseyjum:

# Tugir fundist látnir

**FILIPPSEYJAR** Yfir fjörutíu manns létust þegar fellibylurinn Bopha æddi yfir suðurhluta Filippseyja í gærdag. Þess utan eru margir sárir. Eftir að bylurinn tók land er talið að um 40 þúsund manns hafi hrakist frá heimilum sínum.

Í frétt BBC segir að rafmagnslaust sé á stórum svæðum, samgöngur hafi raskast og miklar rigningar hafi valdið aurskriðum. Vindhraðinn mælist um 60 metrar á sekúndu og er því um fjórða stigs fellibyl að ræða. Það er öflugasti fellibylur sem hefur skollið á landinu á árinu.

Tugum flugferða hefur verið aflýst í landinu, auk þess sem ferjur komast hvorki lönd né strönd. Þess er skemmst að minnast þegar fellibylurinn Washi gekk yfir suðurhluta landsins fyrir ári síðan og varð 1.500 manns að aldurtila. - shá

# Fleiri rækta gras en fáir eiga uppskeruna

Lögreglan hefur gert upptækt meira en hálft tonn af kannabisi síðan árið 2007. Langstærsti hlutinn er hass sem fannst í húsbíl árið 2008. Innflutningur á grasi hefur nánast lagst af, segir yfirmaður fíkniefnadeildar. Heimaræktun eykst.

**LÖGREGLUMÁL** Heimaræktun á kannabisi hefur aukist á síðustu árum og ræktunin er orðin smærri í sniðum. Þetta gerir lögreglu erfiðara fyrir að uppræta starfsemina, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Það verður bylting í heimaræktun árið 2008 og þetta hefur haldist sveiflukennt síðan. En tölurnar okkar þurfa ekki að endurspegla hvort þetta sé að aukast eða ekki,“ segir hann. „Ræktanirnar voru stærri fyrst, en þær hafa minnkað. Nú eru þær minni og fleiri, sem þýðir að það tekur meiri tíma fyrir okkur að ná sama magni og áður og gerir okkur erfiðara fyrir.“

Karl Steinar segir að í flestum tilvikum standi skipulagðir hópar að baki starfseminni og skipti ræktun upp á fleiri staði. Þá veiti menn aðstoð við að setja hana upp.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem



**KARL STEINAR VALSSON**

lögreglan fær hefur innflutningur á grasi nánast lagst af á síðustu árum. Langmest, ef ekki allt, kannabis á Íslandi er ræktað hér.

„Innflutningur sést nánast ekki lengur. Það hefur ekkert verið tekið síðasta ár,“ segir Karl Steinar. „Árið 2008 voru tekin meira en 200 kíló af hassi í einni ferð, sem var aðalfíkniefnið hér áður fyrr, en er það ekki lengur. Þetta hefur færst yfir í gras, sem er meira og minna verið að rækta allt hér á Íslandi.“

Lögreglan hefur gert meira en hálft tonn af kannabisi upptækt á Íslandi á árunum 2007 til 2011. Þar af eru um 230 kíló af hassi sem fundust árið 2008 í húsbíl sem var að koma til landsins með Norrænu. sunna@frettabladid.is

**550** kíló af kannabisi á fimm árum

Hass: **285 kíló**

Marijúana **122 kíló**

Kannabislauf **118 kíló**

Kannabisplöntur **25 kíló**

Kannabisplöntur **30.656 stk**

**➜ Magn kannabisefna haldlagt af lögreglu**




Fimm dæmdir fyrir eiturlyf:

# Konan fékk 26 mánaða dóm

**DÓMSMÁL** Fimm einstaklingar voru dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir umfangsmikið fíkniefnasmygl. Fólkið var allt ákært meðal annars fyrir að hafa reynt að smygla miklu magni af kókaíni til landsins.

Giovanna Gabríella Soffía Spanó fékk þyngsta dóminn af fimmmenningunum, tveggja ára og tveggja mánaða fangelsisvist. Magnús Björn Haraldsson og Steinar Aubertsson fengu einnig þunga dóma. - sv

Of Monsters and Men:

# Valin best 2012 af Amazon.com

**MENNING** My Head is an Animal, hin vinsæla plata sveitarinnar Of Monsters and Men, er valin besta plata ársins af internetrisanum Amazon.com.

Á forsíðu verslunarinnar segir að frumraun sveitarinnar hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti inn á markaðinn, sem sé ekki að undra þar sem hljómsveitin komi frá Íslandi, og hafi unnið hug og hjarta Bandaríkjamanna með grípandi laglínum og framúrskarandi spilamennsku. - sv




Ban Ki-moon segir ríki heims vera í kapphlaupi við tímann:

# Þjarkað um loftslagsmál í Doha

**KATAR, AP** „Enginn er ónæmur fyrir loftslagsbreytingum, hvorki fátækir né ríkir,“ sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á átjándu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin er í Doha, höfuðborg Katar.

Hann sagði ríki heims vera í kapphlaupi við tímann og þyrftu nú að hraða viðbrögðum sínum, eigi að takast að draga nægilega mikið úr losun gróðurhúsalofttegunda næstu áratugina.

Samningaviðræður eru hafnar á ráðstefnunni um nýjan loftslagssamning, sem á að taka gildi árið 2020, en auk þess er reynt að komast að niðurstöðu um að skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni, sem rennur út um áramótin, verði látnar halda áfram til bráðabirgða þangað til nýi samningurinn tekur við.



**Á FUNDI Í DOHA** Ban Ki-moon ásamt fleiri ráðstefnugestum. NORDICPHOTOS/AFP

Nokkuð háværar deilur hafa verið á ráðstefnunni um loforð, sem auðugri ríki heims gáfu hinum fátækari fyrir þremur árum, þar sem lofað var að útvega fátækari ríkjunum fjármagn til að þau gætu bæði tekið í notkun umhverfisvænni orkugjafa og lagað sig að væntanlegum loftslagsbreytingum.

Fátækari ríkin segja hin auðugri ekki hafa staðið nægilega vel við þau loforð. - gb




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg og Akureyri opið alla daga frá 10 til 19 og Geysir Haukadal. Sími 519 6000.

## GENGIÐ 04.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,68 | 125,28 |
| Sterlingspund | 200,99 | 201,97 |
| Evra | 162,98 | 163,9 |
| Dönsk króna | 21,843 | 21,971 |
| Norsk króna | 22,175 | 22,305 |
| Sænsk króna | 18,858 | 18,968 |
| Japanskt jen | 1,5206 | 1,5294 |
| SDR | 191,87 | 193,01 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
224,4161

Persónuvernd segir að gæta þurfi að öryggi lykilorða vegna bréfasendinga frá Orkuveitu Reykjavíkur:

# Aðgæslu er þörf við sendingu á lykilorðum

**PERSÓNUVERND** Gæta verður að öryggi persónuupplýsinga þegar viðskiptavinum eru send notendanöfn og lykilorð í pósti segir lögfræðingur hjá Persónuvernd. Orkuveita Reykjavíkur (OR) sendir notendum sínum bréf þar sem finna má upplýsingar til að komast á persónulegt svæði viðkomandi á vef fyrirtækisins.

„Mér finnst undarlegt að senda svona í bréfi, nema tilgangurinn sé sá að senda notendanafn og lykilorð sem viðskiptavinurinn hefur beðið um,“ segir Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Í bréfum sem viðskiptavinum OR eru send til að minna þá á árlegan lestur af orkumælum má finna bæði notendanöfn þeirra og lykilorð á vef OR. Þar er hægt að sjá upplýsingar um skuldastöðu, orkunotkun og aðrar persónulegar upplýsingar.

Spurður hvort heppilegra hefði verið að hafa annan hátt á sendingunni segist Þórður ekki geta tjáð sig um þetta tiltekna mál. „En það á að gæta allra eðlilegra ráðstafana til að óviðkomandi komist ekki yfir notendanöfn og lykilorð, meðal annars við sendingu og aðra meðhöndlun þessara upplýsinga.“

„Þetta er einkabréf, og það er hreint og klárt lögbrot ef menn eru að æða í póst annarra,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR. Hann segir engar kvartanir hafa borist vegna málsins, en það verði nú tekið til umræðu innan fyrirtækisins. Fram að þessu hafi þessi leið verið talin traust. - bj



**Við höfum talið þessa leið trausta til að koma upplýsingum sem ekki eiga erindi við aðra til okkar viðskiptavina.**

*Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR*



**ÓVIÐEIGANDI HREKKJAVÖKUPÁTTUR** Yfirvöld í Tyrklandi segja hrekkjavökuþáttinn guðlast.

Satan skipar guði fyrir:

## Milljónir í sekt fyrir Simpsons

**TYRKLAND** Tyrknesk sjónvarpsstöð var sektuð í vikunni fyrir að sýna nýjasta hrekkjavökuþátt Simpson-fjölskyldunnar. Hann var talinn móðgandi og vera á mörkum guðlasts.

Í umræddum þætti tekur guð við skipunum frá satan og hlýðir honum í einu og öllu. Þá er einnig gefið í skyn að djöfsi hafi kynmök við Maude Flanders, látna eiginkonu Neds, nágranna fjölskyldunnar vinsælu. Guardian greinir frá því að sjónvarpsstöðin, CNBC-e, hafi þurft að greiða 52.951 líru í sekt, sem samsvarar um 3,8 milljónum íslenskra króna, vegna sýningar þáttarins.

Simpson-fjölskyldan hefur verið sýnd á sjónvarpsstöðinni í tæpan áratug. - sv

**GÓÐGERÐAMÁL**

### Bjóða upp á fría klippingu

Fjölskylduhjálp Íslands í Reykjavík býður skjólstæðingum sínum upp á ókeypis jólaklippingu fimmtudaginn 6. og miðvikudaginn 12. desember frá klukkan 10 til 16. Áhugasamir geta pantað tíma í síma 551-3360 og eru beðnir um að koma með nýþvegið hár.

# Fram hótar málssókn standi borgin ekki við uppbyggingu

Knattspyrnufélagið Fram krefst þess að Reykjavíkurborg standi við samninga um 2,8 milljarða uppbyggingu í Úlfarsárdal. Formaður segir nýjar hugmyndir svik við félagið og íbúa. Íbúasamtök hafna minna hverfi.

**REYKJAVÍK** „Ég lít svo á að þetta séu hrein og klár svik við Knattspyrnufélagið Fram og íbúa hverfisins,“ segir Ólafur Arnarson, formaður Knattspyrnufélagsins Fram um áætlun borgarstjórnar um minni uppbyggingu í Úlfarsárdal en ráðgert var.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að í stað 18 þúsund manna byggðar í dalnum væri nú gert ráð fyrir 2.500 til 3.000 manna byggð. Þá er áformað að reisa sundlaug og íþróttahús í hverfinu, auk nýs samþætts leik- og grunnskóla.

Reykjavíkurborg og Fram undirrituðu samning 1. maí 2008 um að félagið flytti í Úlfarsárdal. Ólafur segir að með honum hafi borgin lofað uppbyggingu fyrir 2.750 milljónir króna á þávirði, sem í dag nema 3.632 milljónum uppfærðum að verðlagsþróun. Eftir hrun var gerður viðaukasamningur og samkvæmt honum ráðist í framkvæmdir við gervigrasvöll, æfingavelli og bílastæði fyrir 500 milljónir króna. Ólafur segir að félagið eigi ekki annars úrkosti en að leita réttar síns, verði ekki staðið við samninginn.

„Þá er bara dómstólaleiðin eftir. Við erum með samninginn í höndunum og verðum að fá úr því skorið hvort hann standist eða ekki. Við teljum að við höfum það með okkur að það er búið að lofa okkur vissum hlutum. Svo má ekki gleyma því að Reykjavíkurborg er líka að fá verðmætt byggingarland í Safamýri.“

Ólafur segir Fram hafa fullan hug á að flytja í Úlfarsárdalinn, jafnvel þó hverfið verði ekki jafn fjölmennt og fyrirhugað var. Félagið verði hins vegar að fá aðstöðu sem dugi félögum þess til að iðka sínar íþróttir.

„Fram getur aldrei farið þarna upp eftir til þess að sinna íþróttastarfi þar á þessum forsendum sem Reykjavíkurborg er að búa til. Það verður aldrei hægt og það segir sig sjálft,“ segir Ólafur og bendir á að félagið eigi, samkvæmt áætlun, áfram að leika heimaleiki sína í Laugardalnum.



**FRAMSVÆÐIÐ** Gervigrasvöllur og æfingavellir eru í notkun í Úlfarsárdal. Formaður Fram er ósáttur við að dregið sé úr áformum um uppbyggingu. Til að mynda eigi félagið að leika heimaleiki sína í Laugardalnum. „Er þá ekki bara betra að fara upp á Skaga?“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Áætlun um uppbyggingu í Úlfarsárdal*

| | Leik- og grunnsk. | Sundl. og íþr.hús |
|---|---|---|
| 2013 | 150.000 | 100.000 |
| 2014 | 350.000 | 300.000 |
| 2015 | 500.000 | 500.000 |
| 2016 | 300.000 | 600.000 |
| 2017 | 500.000 | 350.000 |
| Samtals | 1.800 | 1.850 |

*Í þús. króna. Kynnt í borgarráði í gær.

Fram, Íbúasamtök Grafarholts og Íbúasamtök Úlfarsárdals samþykktu ályktun eftir að þeim voru kynnt áformin fyrir helgi. Þar eru borgaryfirvöld krafin um samvinnu, enda sé um mikið hagsmunamál að ræða. Þá er þess krafist að „borgaryfirvöld standi við gildandi skipulag og geri samninga og geri skurk í uppbyggingu hverfisins“. kolbeinn@frettabladid.is

**3.632**

milljónir er sú upphæð að núvirði sem Reykjavík samþykkti að setja í uppbyggingu fyrir Fram.


Nýr geisladiskur

Halldór Haraldsson leikur á píanó verk eftir Chopin & Liszt




Endurútgáfa hljómplötu frá 1986 með viðbótum

Fáanlegt í öllum betri verslunum

POLARFONIA

Silfurberg ehf.
*styrkti útgáfuna*

pantanir í síma 868 9845


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGÐIR** Rok og rigning fram að hádegi SV- og V-til á landinu fyrir hádegi en dregur úr vindi er líður á daginn. Norðaustlæg átt á morgun og nokkuð bjart en síðan kemur önnur lægð á föstudag með stífri sunnanátt og töluverðri úrkomu.




**Á morgun**
8-13 m/s, hvassast við SA-ströndina.




**Föstudagur**
Vaxandi S-átt um vestanvert landið.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | -1° | Gautaborg | 0° | London | 3° | Orlando | 24° | San Francisco | 15° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 1° | Kaupmannahöfn | 9° | Mallorca | 17° | Ósló | -7° | Stokkhólmur | 2° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 1° | Las Palmas | 21° | New York | 12° | París | 4° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Toppurinn
á jólunum
TOBLERONE

## HEIMURINN




### Sakfelldur fyrir morð

**1 FÆREYJAR** Rúmlega þrítugur maður, Milan Konovat frá Króatíu, var á mánudagskvöld sakfelldur fyrir morð í Færeyjum. Sannað þótti að hann hafi myrt Dánjal Petur Hansen, sem jafnan var nefndur Piddi, með steikarpönnu. Piddi hefur ekki sést síðan 4. nóvember árið 2011 og lík hans hefur ekki fundist. Hinn sakfelldi hefur ekki játað sekt, en á heimili hans fundust bæði koddi og steikarpanna með blóði úr Pidda. Saksóknari fer fram á að minnsta kosti tólf ára fangelsi, en refsing verður ákveðin á morgun.

### Svarti-Pétur gagnrýndur

**2 HOLLAND** Vaxandi gagnrýni gætir nú í Hollandi á einn anga jólahefðarinnar, hinn sér-hollenska Svarta-Pétur, sem er aðstoðarmaður jólasveinsins þar í landi. Svarti-Pétur er svartur í framan, með þykkar rauðar varir og krullað svart hár, sem sagt skrípamynd af þeldökku fólki. Upphaf hans í Hollandi má rekja til bókar sem kom út árið 1850. Yfirgnæfandi meirihluti Hollendinga lítur á þetta sem meinlausa jólafígúru, en þetta árið hafa gagnrýnisraddir verið óvenju áberandi.

### Þúsundir mótmæla í Kaíró

**3 EGYPTALAND** Þúsundir manna héldu út á götur í Kaíró í gær til að mótmæla Mohammed Morsi forseta, en um síðustu helgi tóku þúsundir manna þátt í útifundi til stuðnings forsetanum. Harðar deilur hafa verið um alræðisvöld sem forsetinn tók sér í síðasta mánuði og stjórnarskrárfrumvarp sem borið verður undir atkvæði þjóðarinnar eftir tíu daga. Miklar öryggisráðstafanir voru gerðar í gær áður en mótmælin hófust og óttast að þau myndu snúast upp í óeirðir.

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114
150 REYKJAVÍK
WWW.SJUKRA.IS

Sjúkratryggingar Íslands

Átt þú inni endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu?

Kannaðu málið í Réttindagátt á sjukra.is.

www.sjukra.is

Í **Réttindagátt** getur þú séð greiðslur þínar vegna heilbrigðisþjónustu. Með því að skrá bankareikning og netfang tryggir þú að allar endurgreiðslur verði lagðar inná reikning þinn og þér jafnframt sendur tölvupóstur.

**Hjálpaðu okkur að tryggja rétt þinn.**






**TÓMIR GANGAR** Í tilkynningu Landspítalans í gær kemur fram að eftir 32 milljarða niðurskurð 2008 til 2011 hafi spítalinn í fyrra verið rekinn fyrir 9 milljörðum lægri fjárhæð en árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# LSH lamast gangi uppsagnir alla leið

Fimmtungur hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum hefur sagt upp. Stór hluti þeirra vinnur sérhæfð störf og ekki hlaupið að því að fylla skörð þeirra. Grafalvarlegt mál, segir forstjóri LSH. Unnið að lausn með ráðherrum. Uppsagnirnar taka gildi 1. mars.

**VINNUMARKAÐUR** Uppsagnir 254 af 1.348 hjúkrunarfræðingum Landspítalans taka gildi 1. mars. Fram kemur í tilkynningu Björns Zoëga, forstjóra spítalans, að um sé að ræða 193 stöðugildi. Fjöldinn nemur tæpum fimmtungi af hjúkrunarfræðingum spítalans, eða 18,8 prósentum.

Ólafur G. Skúlason hjúkrunarfræðingur er í hópi þeirra sem sagt hafa starfi sínu lausu, auk þess að vera í svonefndum aðgerðahópi hjúkrunarfræðinga. Hann segir ljóst að stór hluti þeirra sem sagt hafa upp sé mjög sérhæft starfsfólk, svo sem skurð- og svæfingahjúkrunarfræðingar. „Þetta er náttúrlega grafalvarlegt mál. Ef allir þessir hjúkrunarfræðingar hætta þá lamast bara starfsemi spítalans.“



**ÓLAFUR G. SKÚLASON**

Ólafur segist þegar hafa fengið boð um annað starf í Noregi. Hann kveðst þó telja að fáist kjarabætur muni stór hluti vilja endurskoða ákvörðun sína um að hætta. „Við erum náttúrlega Íslendingar og viljum helst vinna hér.“

Björn lýsir því í yfirlýsingu sinni hvernig tekist hafi verið á við niðurskurð og fjárhagslegar hremmingar spítalans síðustu ár með fækkun starfsfólks, aðhaldi í innkaupum og breytingum á rekstrarformi og skipuriti. „Á þessum tíma hafa laun allra starfsmanna spítalans rýrnað enda óhjákvæmilegt þar sem 70 prósent af rekstri hans eru launagreiðslur,“ segir í tilkynningunni.

Um leið eru margar starfsstéttir á Landspítalanum sagðar hafa lýst óánægju með kjör sín og hafi það nú komið skýrast fram með uppsögnum hjúkrunarfræðinganna. „Fyrir Landspítala og sjúklinga hans er þetta grafalvarlegt mál og verið er að vinna í því með aðkomu fjármála- og velferðarráðherra,“ segir Björn og áréttar að kjarasamningur hjúkrunarfræðinga gildi til 2014 eins og hjá flestum öðrum stéttum. „Stofnanasamningur milli spítalans og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er í gildi en í janúar síðastliðnum óskaði félagið eftir endurskoðun hans.“

Viðræður hafa staðið yfir síðan í janúar, en hjúkrunarfræðingar fara fram á kjarabætur í endurnýjun á stofnanasamningi. „Í ljósi fyrrnefndra niðurskurðartalna hefur spítalinn augljóslega ekki haft neitt svigrúm til að hækka laun umfram kjarasamning þótt vilji til þess sé mikill.“

olikr@frettabladid.is

### Hjúkrunarráð LSH ályktar um uppsagnir

Í ályktun stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala í gær komu fram miklar áhyggjur af uppsögnum hjúkrunarfræðinga við spítalann. „Landspítali má ekki við að missa hjúkrunarfræðinga úr starfi,“ segir þar og bent á að reynslan sýni að í kjölfar erfiðrar kjarabaráttu hætti margir hjúkrunarfræðingar störfum og nú þegar fari margir reglulega í vinnuferðir til útlanda. „Stjórn hjúkrunarráðs beinir því til stjórnenda á Landspítala, stjórnvalda og hjúkrunarfræðinga að finna leiðir til að leysa þetta mál sem allra fyrst. Án þessara hjúkrunarfræðinga verður Landspítali að mestu óstarfhæfur.“

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 62160 12/12

# Mikilvægi




## Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

## Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.




## Hluthafafundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, boðar til hluthafafundar sem haldinn verður í húsakynnum félagsins við Síðumúla 24, Reykjavík, miðvikudaginn 12. desember 2012 kl. 9.00 árdegis.**

***Dagskrá fundarins er eftirfarandi:***

1. *Tillaga um breytingu á 1. mgr. 19. gr. samþykkta félagsins þannig að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara.*
2. *Tillaga um breytingu á 3. mgr. 19. gr. samþykktanna um hvernig kjöri varamanna skuli háttað og hvernig þeir taka sæti í aðalstjórn í stað aðalmanna.*
3. *Kjör nýrrar stjórnar í samræmi við samþykktir félagsins að teknu tilliti til þeirra breytinga sem á þeim kunna að verða gerðar, sbr. lið 1 og 2 hér að framan.*
4. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar.*
5. *Önnur mál löglega upp borin.*

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, svo og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Fundargögn og tillögur stjórnar eru hluthöfum aðgengileg á skrifstofu félagsins.

Reykjavík, 5. desember 2012.
***Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.***

Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 TM

RÉTTARHÖLD Í VAFNINGSMÁLI SÉRSTAKS SAKSÓKNARA



**STOPPAÐI STUTT** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mætti fyrir dóminn og staðfesti að hafa undirritað skjöl í umboði annarra. Hann stoppaði í örfáar mínútur. Hér sést hann með sakborningnum Lárusi Welding. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minna mál en til stóð?

**Dómari í Vafningsmálinu spurði rannsakanda hvort sá skilningur væri réttur að málið væri í raun miklu smærra í sniðum en lagt var upp með. Hann vildi líka vita hvað hefði tafið rannsóknina svo mjög. Fjórtán manns gáfu vitnisburð í gær.**

**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



Vafningsmálið svokallaða gegn Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni er aðeins einn angi risavaxinnar rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Sjóvár og Milestone. Þetta kom fram í máli annars aðalrannsakandans á öðrum degi réttarhaldanna í málinu í gær.

Skúli Magnússon, einn þriggja dómara í málinu, spurði rannsakandann, Jón Óttar Ólafsson, ítarlega út í það hvers vegna rannsókn þessa þáttar hefði hafist svo seint og tekið jafnlangan tíma og raun bæri vitni. Hann ítrekaði spurninguna við annan starfsmann saksóknara en fékk aldrei svör sem hann virtist sáttur við.

Skúli spurði jafnframt hvort málið hefði í raun reynst mun minna í sniðum en lagt var upp með, þegar menn áttuðu sig á því að Vafningur væri ekki félag í eigu Milestone og að tíu milljarða lánið frá Glitni sem allt snýst um hefði í raun bara stoppað á reikningi Milestone yfir eina helgi. Því vildi Jón Óttar ekki svara játandi.

Jón Óttar er annar mannanna sem var sagt upp störfum hjá saksóknara þegar í ljós kom að þeir höfðu selt þrotabúi Milestone upplýsingar sem þeir höfðu aflað við rannsóknina. Hann sætir nú rannsókn vegna þess en vildi ekki ræða málið í gær þrátt fyrir ítrekaðar spurningar verjenda – og þurfti það heldur ekki frekar en aðrir sakborningar í dómsmálum.

Drjúgur hluti dagsins fór í umfjöllun um veðin sem lágu að baki láninu frá Glitni. Þau komu frá Sjóvá í formi turns í Macau og félagsins Kcaj, en ákæruvaldið telur að þau hafi verið lítils virði sem tryggingar. Í máli Þórs Sigfússonar og annars fyrrverandi starfsmanns Sjóvár kom reyndar fram önnur skýring á eignatilfærslunni til Vafnings en sú að veð hefði vantað fyrir láninu frá Glitni: Það hefði einfaldlega þurft að aðskilja þær frá öðrum eignum Sjóvár.

Starfsmenn Milestone, sem komu með beinum hætti að lánveitingunni 8. febrúar 2008, komu fyrir dóminn en enn gat enginn svarað því hver hefði ákveðið að greiða Milestone lánið í stað Vafnings.

Alls báru fjórtán manns vitni í gær. Vitnin eru því orðin 24 í heildina og mun enn fjölga á morgun.



**FORSTJÓRINN** Þór Sigfússon kom fyrir dóminn í gær og sagðist aldrei hafa fengið skýringar á Vafningsfléttunni.

## Karl mætti ekki

Steingrímur Wernersson kom fyrir dóminn og sagðist lítið sem ekkert vita um „leynifélagið“ Vafning, enda hefðu starfsmenn Milestone og stjórnarformaðurinn, Karl bróðir hans, haldið honum utan við flest sem máli skipti í fyrirtækinu.

Karl átti að gefa vitnaskýrslu en mætti ekki. Dómari gaf út vitnakvaðningu og gerði honum að mæta í fyrramálið.





# ÞIÐ ERUÐ OKKAR HVATNING

**Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands 2012 voru afhent við hátíðlega athöfn síðastliðinn mánudag.**

**Verðlaunin hlutu að þessu sinni:**

**Inga Björk Bjarnadóttir,** *í flokki einstaklinga*, fyrir að vera öðrum fyrirmynd og berjast fyrir bættu aðgengi og þjónustu fyrir fatlað fólk í Borgarbyggð.

**Gerpla fimleikafélag,** *í flokki fyrirtækja og stofnana*, fyrir að hafa, eitt íþróttafélaga, boðið upp á fimleikaþjálfun fyrir fólk með þroskahamlanir allt frá árinu 1997.

**Lára Kristín Brynjólfsdóttir,** *í flokki umfjöllunar og kynningar*, fyrir baráttu og hugrekki við að vekja umræðu um einhverfu og auka skilning almennings og heilbrigðisyfirvalda á stöðu fullorðinna á einhverfurófi.

**Við hjá Íslenskri getspá óskum verðlaunahöfunum hjartanlega til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu.**

WWW.LOTTO.IS

FÍTON / SÍA




# Rússar segja NATO ofmeta hættuna

Utanríkisráðherrar NATO samþykkja að staðsetja Patriot-loftvarnaflaugar í Tyrklandi. Rússar segja NATO ofmeta hættuna á hugsanlegri árás frá Sýrlandi.

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** Utanríkisráðherrar ríkja Atlantshafsbandalagsins samþykktu á fundi sínum í Brussel í gær að setja upp Patriot-loftvarnaflaugakerfi í Suður-Tyrklandi til að verjast hugsanlegum eldflaugaárásum frá Sýrlandi. Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fundaði með NATO-ráðherrunum fyrr um daginn og sagði að þeim fundi loknum að Rússar teldu NATO ofmeta hættuna á hugsanlegri eldflauga- og jafnvel efnavopnaárás. Eldflaugarnar væru óþarfar.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, undirstrikaði enn og aftur að Patriot-flaugarnar væru eingöngu varnarviðbúnaður og NATO hygðist ekki blanda sér í átökin í Sýrlandi, til dæmis með því að setja á flugbann yfir hluta landsins, eins og sýrlenzkir uppreisnarmenn hafa kallað eftir. Þetta hefðu hann og utanríkisráðherrarnir farið rækilega yfir með rússneska starfsbróður þeirra.

Lavrov hafði þó sínar efasemdir er hann ræddi við blaðamenn eftir fundinn. Hann sagði að NATO-ráðherrarnir hefðu undirstrikað að „Sýrland væri ekki Líbía“ og Rússar vonuðust til að NATO dytti ekki í hug að skipta sér af átökunum í Sýrlandi. Hann sagði Rússa ekki gera athugasemd við það út af fyrir sig að NATO gripi til ráðstafana til að verja landsvæði Tyrklands. „Við vekjum bara athygli á því að menn eiga ekki að ofmeta hættuna,“ sagði Lavrov. „Við bendum líka á að ef menn safna að sér vopnum eykst hættan á að þau verði notuð.“

Hann sagði að það væri rétt að sýrlenzkt stórskotalið hefði skotið sprengjum yfir landamæri Tyrklands, en það væri mat Rússa að það hefði verið óvart. Hann sagði sömuleiðis að rússnesk stjórnvöld, sem áfram eru í góðu sambandi við stjórn Assads forseta í Sýrlandi, hefðu boðizt til að koma á beinum samskiptum milli NATO og Sýrlandsstjórnar til að forðast misskilning.

Undanfarna daga hafa bandarískir fjölmiðlar flutt fréttir af því að Sýrlandsstjórn sé að færa efnavopnabirgðir sínar á milli staða. Það hefur ýtt undir áhyggjur af því að stjórn Assads hyggist nota vopnin. Lavrov sagði þetta vera óstaðfestan orðróm; Rússar hefðu ágætar upplýsingar um að engir slíkir flutningar hefðu átt sér stað.

olafur@frettabladid.is



**JÁKVÆÐUR** Þótt Sergei Lavrov væri gagnrýninn á NATO að vanda var mál manna á utanríkisráðherrafundinum að jákvæðari tónn hefði verið í ráðherranum en búizt var við og ágætur andi í samskiptum NATO og Rússlands sem stendur. NORDICPHOTOS/AFP




## Tvær mannskæðar árásir

Tyrkir telja árásir sýrlenzka stjórnarhersins á tyrkneskt landsvæði ógna fullveldi sínu. Tvær hafa verið alvarlegastar og NATO hefur mótmælt þeim harðlega.

**21. júní**
Sýrlenzki herinn skýtur niður **F-4 Phantom orrustuflugvél** tyrkneska hersins.

**3. október**
Sprengjum skotið á tyrkneska bæinn Akcakale. Fimm almennir borgarar látnir og margir særðir. Tyrkir svara með stórskotaliði og fella nokkra sýrlenzka hermenn.








# DEWALT HÖRKUTÓL

## á heima hjá Sindra



Létt og nett borvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2

**KR. 35.900.-**



Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

**KR. 49.900.-**



Létt og skemmtileg 18V vél í nýju XR línunni
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2* 3 Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:60Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar:2
M/ höggi

**KR. 51.900.-**



3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir

**KR. 79.900.-**



Veltisög
Afl : 2000W
Snú/min: 2850
Blað: 250mm

**KR. 119.900.-**



Vagn með 3 töskum
DS150,DS300
og DS400
Vagninn ber allt að
120Kg á botnplötunni
og 80Kg á festingum

**KR. 69.900.-**



Höggborvél með meitlun.
Max bor:26mm
Afl:800W,
Kraftur:0-3,4 J
Sn/min:0-1150
Þyngd:2,9kg

**KR. 39.900.-**



Stingsög 701w
4 stillingar á blaði
Blástur frá blaði
26mm slaglengd
Þyngd 2,8 kg

**KR. 39.900.-**



2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á móttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3m

**KR. 39.900.-**




**SINDRI**

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000




Eyðilagði dýnu í fangaklefa með því að rífa hana í tætlur og míga svo yfir:

# Dæmdur í þriggja ára fangelsi

**DÓMSTÓLAR** Þrjátíu og níu ára síbrotamaður hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands. Maðurinn, sem heitir Einar Björn Ingvason, játaði brot sín.

Ákæra á hendur manninum er í þrettán liðum og varðar meðal annars innbrot og þjófnað úr sumarbústöðum á Suðurlandi, þjófnaði úr verslunum í Hveragerði, Selfossi og Reykjavík, vopnalagabrot með því að hafa haft sveðju í fórum sínum og umferðarlagabrot og bílþjófnað. Þá var hann kærður fyrir eignaspjöll fyrir að hafa í febrúar í fyrra rifið í tætlur dýnu í fangaklefa á lögreglustöðinni á Selfossi og kastað svo af sér þvagi yfir hana.

Með brotum sínum rauf maðurinn skilorð dóms sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í júlí í fyrra. Hann var þá dæmdur í tveggja ára fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. - óká



**Í KLEFA** Maður sem nýverið var dæmdur í fangelsi hafði meðal annars eyðilagt dýnu í fangaklefa.




Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar ber heitið Hreint vatn gerir kraftaverk:

# Þurfa 72 greiðslur fyrir brunni

**GÓÐGERÐAMÁL** Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er hafin og verður hún nú helguð því að tryggja fleirum aðgang að hreinu vatni. Vatnsverkefni Hjálparstarfsins eru starfrækt í þremur Afríkulöndum; Malaví, Eþíópíu og Úganda. Yfirskrift söfnunarinnar er „Hreint vatn gerir kraftaverk“.

Fólki í löndunum þremur verður útvegað drykkjarvatn fyrir fjármagnið sem safnast, en verkefnin snúa einnig að fræðslu og framkvæmdum á sviði hreinlætis, fæðuöryggis og betri afkomu. Þá er fólki einnig gert kleift að halda skepnur og veita vatni á grænmetisakra með vatninu.

Landsmenn fá senda valgreiðslu upp á 2.500 krónur í heimabankann sinn. 72 greiddar greiðslur, eða 180.000 krónur, duga fyrir góðum brunni sem gefur hreint vatn um langa framtíð. Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann 907-2003, gefa framlag á vefsíðunni www.framlag.is og leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886 með kennitöluna 450670-0499.

## Börn deyja árlega

- 1,5 milljónir barna í heiminum deyja árlega af vatnsskorti og sjúkdómum þeim tengdum.
- 800 milljónir manna hafa ekki aðgang að hreinu vatni.
- Fleiri deyja úr hungri en samtals úr alnæmi, malaríu og berklum á ári hverju.

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna



**BRUNNUR Í MALAVÍ** Einn vatnsbrunnur kostar um 180 þúsund krónur og nægja því 72 greiðslur til að byggja einn slíkan.





Hó Hó Hólímóli!
SÓL um JÓL
DESEMBERTILBOÐ
2 VIKUR
22.DES - 5. JAN
TENERIFE
119.900 kr.
VERÐDÆMI Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 1 BARN Í ÍBÚÐ Á PARQUE DE LAS AMERICAS. VERÐ FRÁ 144.350 KR M.V. 2 FULLORÐNA.*
19. DES - 3. JAN
KANARÍ
109.900 kr.
VERÐDÆMI Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 1 BARN Í ÍBÚÐ Á ROQUE NUBLO. VERÐ FRÁ 130.900 KR M.V. 2 FULLORÐNA.*
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
* Innifalið: flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn

Fagna ber árangri í skógrækt á Íslandi:

# Fram úr vonum

Á rétt rúmum hundrað árum hefur hæð hæstu trjáa hér á landi þrefaldast og gott betur. Fram kemur í umfjöllun blaðsins í gær að um aldamótin 1900 hafi hæsta tré landsins verið rúmir átta metrar að hæð. Núna er fjöldi trjáa yfir 20 metrum og það hæsta um 25 metra hátt.

Árangurinn er meiri en forsvarsmenn skógræktar þorðu að láta sig dreyma um langt fram eftir tuttugustu öld og honum ber að fagna. Reyndar fylgir þó sá böggull skammrifi að með aukinni hæð trjáa eykst líka hættan á stormfalli þeirra þegar veður gerast válynd. „Þetta verður viðvarandi vandamál, þótt auðvitað sé ánægjulegt að tré hækki,“ sagði Þorbergur Hjalti Jónsson, sérfræðingur Skógræktar ríkisins á Mógilsá, í viðtali við blaðið.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Þá verður ekki fram hjá því horft að skógræktin breytir ásýnd landsins. Hver og einn verður svo að gera upp við sig hvort það þykir gott eða slæmt. Líkast til vildu þó fáir hverfa aftur til móa og mela Kjarnalands við Akureyri upp úr miðri síðustu öld þar sem nú er að finna Kjarnaskóg. Sama má líklega segja um önnur svæði sem grædd hafa verið upp.

Uppgræðsla hefur í för með sér breytta ásýnd lands. Í þeim efnum verður ekki bæði sleppt og haldið.

Í ágætri grein Þrastar Eysteinssonar og Arnfrieds Abraham í nýjasta tölublaði Skógræktarritsins kemur fram að vegna áframhaldandi hlýnunar komi aðstæður til skógræktar til með að halda áfram að batna hér á landi. „Gangi spár eftir er líklegt að hægt verði að rækta skóg í allt að 900 metra hæð í lok aldarinnar. Það er bara spurning hvort við höfum vit til að notfæra okkur þessa möguleika,“ segir þar. Eins kemur fram að vilji fólk vita hvernig hér gæti orðið umhorfs í skógum seint á öldinni eigi það að horfa til Edinborgar fremur en Stokkhólms eða Kaupmannahafnar. Þar sé hægt að rækta hundruð tegunda trjáa með góðum árangri.

Í Skógræktarritinu kemur líka fram í samantekt Einars Gunnarssonar um skógræktarárið í fyrra að mikill vöxtur sé í margvíslegri starfsemi tengdri skógrækt. Þannig hafi aukist svo mjög viðarsala úr skógum landsins að tala megi um gjörbreytingu. Hún hófst í kjölfar hruns krónunnar og hugarfarsbreytingar sem komið hafi til þegar ekki var lengur óheft framboð af gjaldeyri. „En einnig að ræktaðir skógar eru í vaxandi mæli komnir í þá stærð að grisjun skilar umtalsverðu magni af nýtanlegu timbri.“

Með meiri reynslu og bættu vinnulagi við umhirðu skóga má draga úr hættunni á stormfalli. Ástæðulaust er að ætla annað en að skógrækt geti hér eflst og dafnað, bæði í atvinnuskyni og til fegrunar og aukningar landgæða. En um leið þarf að vera sátt um breytta ásýnd landsins, hvort heldur það er af völdum skóga og hærri trjáa, eða jurta á borð við lúpínu sem notuð er til að græða land svo að þar fái þrifist skógar.

Tækifærin virðast mikil, en kalla um leið á að tekist sé á um grundvallaratriði í stefnumótun vegna uppgræðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871

ÁHRIFAMIKIL SAGA

★★★★★

INGI FREYR VILHJÁLMSSON / DV




Vera Hertzsch var handtekin í Moskvu 1938 ásamt dóttur sinni að Halldóri Laxness viðstöddum. Aldrei spurðist til mæðgnanna aftur.

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Listin að hlusta

Illu heilli skilja allt of fáir að samtöl byggja á tveimur grundvallarforsendum; því að tala og því að hlusta. Alþingismenn eiga að gefa ræðumanni frið og kalla ekki fram í ræður þeirra. Í gær var Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, í ræðustól að tala um málþófið í þinginu. Tveggja mínútna ræðu sína þurfti hún hins vegar að stytta, þar sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þurfti að koma sínum sjónarmiðum á framfæri utan úr þingsal. Undir glymjandi bjöllulhljóm forseta leystist umræðan síðan upp, þar sem fleiri þingmenn þurftu að tjá sig úr sætum sínum.



### Vandfundin virðing

Virðing Alþingis er nokkuð sem mörgum er hugleikin, enda ber þjóðin litla sem enga virðingu fyrir störfum þess. Sú virðing virðist hins vegar lítt þvælast fyrir þingmönnum þessa dagana, þar sem þeir gjamma hver framan í annan og hlæja síðan dátt þegar forseti minnir á þingsköpin; þær reglur sem þingmenn eiga að fara eftir. Vilji þingmenn auka virðingu þingsins er gott ráð að bera sjálfir virðingu fyrir þingi og þingmönnum.

### Hvar varst þú?



Í gær fór fram annað samtal þingmanna sem, þó það væri gjammlaust, bar þess merki að hlustun væri ábótavant. Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, vændi Tryggva Þór Herbertsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, um að hafa verið á mælendaskrá fyrir helgi, þó hann væri staddur norður á landi. Tryggvi sagði það fásinnu, á meðan á norðurdvöl stóð hefði hann ekki verið á mælendaskrá, en strax sett sig á hana þegar suður kom. Björn Valur þakkaði honum þá fyrir að hafa staðfest að hafa verið á mælendaskrá á meðan hann var fyrir norðan.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Göran Persson: Ljúkið viðræðunum við ESB

EFNAHAGSMÁL



Össur Skarphéðinsson

utanríkisráðherra

Göran Persson, fyrrum forsætisráðherra Svíþjóðar, heimsótti Ísland rétt eftir bankahrunið og flutti magnaða ræðu. Hún var ákall til Íslendinga um þjóðarsamstöðu og úthald. Persson hafði sjálfur tekið þátt í að stýra Svíþjóð gegnum norrænu bankakreppuna upp úr 1990. Á grundvelli þeirrar reynslu hvatti hann Íslendinga til að hlusta ekki á þær raddir, sem vildu fresta því að axla sársaukafullar aðgerðir og sagði okkur að taka slaginn strax. Hann réði okkur heilt.

Í síðasta mánuði, fjórum árum eftir bankahrunið, kom Göran Persson aftur í heimsókn til Íslands. Hann taldi margt hafa gengið vel í endurreisninni, en ýmislegt þyrfti að tryggja betur. Stef hans var að Íslendingar yrðu að auka útflutning sinn til að afla gjaldeyris til að þurfa ekki að taka lán fyrir afborgunum og vöxtum. Þannig ynnum við traust umheimsins. Og við yrðum að leysa til frambúðar vandamálin sem tengjast gjaldmiðlinum.

Persson benti á að eftir að Svíar gengu í Evrópusambandið árið 1994 hefðu þeir u.þ.b. tvöfaldað útflutning sinn. Síðustu 20 árin hefði Svíþjóð haft jákvæðan viðskiptajöfnuð við útlönd. Það væri sá grunnur að hagvexti og velferð sem Íslendingar þyrftu

**➜ Persson benti á að eftir að Svíar gengu í Evrópusambandið árið 1994 hefðu þeir u.þ.b. tvöfaldað útflutning sinn.**

að leggja – líkt og Svíar á sínum tíma. En til að útflutningur geti aukist í litlu opnu hagkerfi þarf gengisstöðugleika, erlendar fjárfestingar, frjáls viðskipti. Aðild að Evrópusambandinu hefur stuðlað að þessu í Svíþjóð. Persson var bjartsýnn á framtíð evrunnar þó hann drægi síst úr efnahagserfiðleikum Evrópu. Sérlega athyglisvert var að Persson taldi að Svíþjóð myndi í framtíðinni taka upp evruna enda kvað hann erfitt fyrir lítið ríki eins og Svíþjóð að halda úti eigin gjaldmiðli. Litlir gjaldmiðlar þyrftu skjól.

Mikilvægustu skilaboð gamla forsætisráðherrans til Íslendinga voru að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Nú væri ekki tími til að kikna í hnjánum og hlaupa frá hálfköruðu verki. Brýnt væri að ljúka samningum og sjá svart á hvítu hvaða lausnir og kjör okkur byðust á þeim vandamálum sem við blasa varðandi útflutning og gjaldmiðilinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Berir leggir og upphafning fávísinnar

Í DAG
**Sif Sigmarsdóttir**
rithöfundur



> Þótt fjöldi fólks vilji gjarnan að smáskammtalækningar eða höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun lækni það af kvillum þýðir það ekki að þær geri það. Þótt ég litaði gráu hárin ljós, gengi um berleggjuð í míní-pilsi með Rihönnu í eyrunum og héngi á B5 liðlangan daginn gerði það mig ekki tuttugu og tveggja. Óskhyggja er ekki sannleikur.

Ég var stödd á hótelherbergi í útlöndum um helgina. Ég átti afmæli svo þegar kom að því að fara út í „dinner“ hugðist ég vanda til andlitsfarðans og lagningarinnar. Birtan á baðherberginu var dauf og ég sá illa til þar sem ég sparslaði burt árin. Ég kveikti því á flúrljósi fyrir ofan spegilinn. Hrá lýsing og ískaldur afmælis-bömmer helltust yfir mig. Í hárrótinni spruttu gráir nýgræðingar. Ég flýtti mér að slökkva ljósið.

Það getur oft verið þægilegt að hunsa staðreyndir. Umlykja sig myrkri og loka augunum fyrir sannleikanum sem blasir við í birtunni. Þegar um er að ræða nokkur grá hár kemur það svo sem ekki að sök. Hins vegar virðist sem fólk kjósi í auknum mæli að halda sig skuggamegin tilverunnar. Á tímum þegar mannshugurinn teygir ítrekað á mörkum hins mögulega í krafti tækni og vísinda er eins og höfuðin á sumum vilji heldur umlykja sig kósí rökkri hinna myrku miðalda en að skoða hlutina baðaða skerandi flúrljósi þekkingar.

### Græðarar eða krabbameinsskoðun

Í síðustu viku lögðu nokkrir þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna fram þingsályktunartillögu sem miðar að því að niðurgreiða heildrænar meðferðir græðara til jafns við aðra heilbrigðisþjónustu. Sama dag mátti lesa á mbl.is umfjöllun um hvernig skert fjárframlög til Krabbameinsfélags Íslands hafa orðið til þess að konur þurfa að bíða í sex vikur eftir að komast í krabbameinsleit í leghálsi og brjóstum en áður var biðin tvær vikur.

Fréttir af fjársvelti heilbrigðiskerfisins eru daglegt brauð. Að ætla að úthluta skattfé í heilsumeðferðir sem enginn vísindalegur fótur er fyrir þegar meðferðir sem bera sannanlegan árangur sitja á hakanum ber ekki aðeins vott um heiftarlegt virðingarleysi í garð almannafjár heldur einnig vísinda eins og þau leggja sig.

### Ranghugmynd um lýðræði

„And-vitsmunahyggja er óslitinn þráður sem fléttast inn í pólitískan og menningarlegan veruleika okkar og nærist á þeirri ranghugmynd að lýðræði þýði að vanþekking mín sé jafnrétthá þekkingu þinni.“ Svo skrifaði rithöfundurinn Isaac Asimov í grein sem birtist í Newsweek fyrir rúmum þrjátíu árum. Fullyrðingin á ekki síður við í dag. Og það eru ekki aðeins skottulæknar sem reiða sig á þessa upphafningu fávísinnar.

Í aðdraganda forsetakosninganna sem fóru fram í Bandaríkjunum í nóvember kepptust ákafir stjórnmálaskýrendur og aðrir kaffihúsaspekingar við að lýsa því yfir hve spennandi kosningarnar væru, hve mjótt væri á mununum, að þær gætu farið á hvorn veginn sem væri. Einn þeirra var hins vegar á öðru máli. Tölfræðingurinn Nate Silver sagði kosningarnar þvert á móti lítt spennandi. Líkurnar á sigri Obama væru yfirgnæfandi samkvæmt hefðbundnum líkindareikningi. Hinir spekúlantarnir hlógu að honum. Hann var úthrópaður „brandari“. Kaffihúsaspekingunum þótti eigin greiningar, sem oftast nær voru byggðar á tilfinningum og stjórnmálaskoðunum, standa útreikningum Silver langtum framar. Á kosningadag spáði dálkahöfundurinn Janet Daley Mitt Romney sigri því henni fannst Obama ekki líta út eins og sigurvegari. Nate Silver fékk uppreisn æru þegar hann reyndist sannspár um úrslitin í öllum fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna.

Í skjóli jafnréttis þekkingar og fávísi er skeytingarleysi í garð faglegra vinnubragða að sliga opinbera umræðu. Skemmst er til dæmis að minnast annarlegrar túlkunar Bjarna Benediktssonar á úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá Íslands. Staðreyndir málsins eru að engu hafðar því tilgangurinn helgar meðalið.

### Í míní-pilsi á B5

Hver hefur ekki heyrt yfirlýsingu sem þessa?: „Frænka nágranna bróður míns fór í lithimnugreiningu, fékk ávísaða blómadropa og verkurinn í stórutánni hvarf.“

Sögusagnir af þessu tagi eru gjarnan notaðar til að renna stoðum undir gagnsemi óhefðbundinna lækninga. Fullyrðingin kann að segja eitthvað um stórutá frænku nágranna bróðurins. Hún segir hins vegar ekkert um lithimnugreiningu og blómadropa. Handahófskenndar reynslusögur einstaklinga eru ekki rannsóknir heldur gervivísindi. Þeir sem fullyrða annað þekkja annaðhvort ekki hina vísindalegu aðferðafræði sem mannkynið hefur þróað með sér til að greina staðreyndir frá staðleysu eða hunsa hana viljandi.

Þótt fjöldi fólks vilji gjarnan að smáskammtalækningar eða höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun lækni það af kvillum þýðir það ekki að þær geri það. Þótt ég litaði gráu hárin ljós, gengi um berleggjuð í míní-pilsi með Rihönnu í eyrunum og héngi á B5 liðlangan daginn gerði það mig ekki tuttugu og tveggja. Óskhyggja er ekki sannleikur.

Svo kann þó vel að vera að einhver sé hressari eftir leirbað eða finnist hann endurnærður eftir árunudd. Það á hins vegar einnig við um aðrar athafnir sem hugsaðar eru til að létta manni lund. Hver er ekki hressari eftir að hafa horft á Hollywood-vellu í bíó eða legið uppi í sófa með góða bók og konfektkassa? Er þá ekki rétt að starfsemi Forlagsins og Nóa Síríus sé niðurgreidd „til jafns við aðra heilbrigðisþjónustu“?

Þær meðferðir „græðara“ sem þingsályktunartillagan nær til hafa enga virkni umfram lyfleysu. Þær virka ekki. Hið háa Alþingi gæti allt eins ályktað um hvort ekki ætti að skoða það að niðurgreiða pakkaútburð jólasveinsins.


GJAFAKORT SALARINS
Jólatilboð tilvalin í jólapakkann

SALURINN
-hljómar vel





AF FINGRUM FRAM Í JÓLAPAKKANN
– tónlistargjöf sem kitlar hláturtaugarnar

7. mars kl. 20:30
ANDREA GYLFADÓTTIR - ÞÓ FYRR HEFÐI VERIÐ

21. mars kl. 20:30
DIDDÚ - SPILVERKSLÖGIN, STELLA OG LÍNA BEIBÍ

Tvær stórglæsilegar söngkonur spjalla og syngja með Jóni Ólafssyni. Tónleikar án hliðstæðu.

Tvennir tónleikar á 5.600 kr.

MENDELSSOHN HÁTÍÐ ER HLJÓMFÖGUR OG KLASSÍSK GJÖF




8. febrúar kl. 20:00
UMVAFINN TÓNLIST

9. febrúar kl. 17:00
ÁSTFANGIÐ TÓNSKÁLD

10. febrúar kl. 14:00
LISTIN OG LÍFIÐ

Ari Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Agnarsson og Nína Margrét Grímsdóttir flytja lagræn, hljómfögur og grípandi verk Felix Mendelssohns á þrennum tónleikum yfir eina helgi.

Þrennir tónleikar á 7.500 kr.









EF LÍFIÐ VÆRI SÖNGLEIKUR
– gefðu söngleiki í skóinn

1. febrúar kl. 20:00
STÓRU SÖNGLEIKJASKÁLDIN

12. apríl kl. 20:00
ROKKÓPERUR OG POPPSÖNGLEIKIR
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Tvennir tónleikar á 5.800 kr.

**Jólatilboðin** er hægt að nálgast í miðasölu **Salarins** alla virka daga **kl. 12 – 17** í síma **5700 400. www.Salurinn.is**

GULLTILBOÐ 1

## HELGARFERÐ TIL MANCHESTER

Manchester iðar af lífi. Þessi kraftmikla borg býður upp á allt það besta fyrir matgæðinga, menningarunnendur, knattspyrnuáhugafólk og þá sem hafa gaman af því að versla.

**3 nætur, 25.–28 janúar.**

FULLT VERÐ 79.900 KR.

**49.900 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á Jurys Inn Manchester (3 stjörnu), morgunmatur.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

SPENNANDI BORGARFERÐ



PUNKTAR GILDA x30

GULLTILBOÐ 2

## VIKUFERÐ TIL KANARÍEYJA!

Styttu þér leið yfir skammdegið og vetrardrungann. Njóttu lífsins með sjóðheitri og sólríkri viku á Ensku ströndinni, langvinsælasta áfangastað ferðafólks á Kanaríeyjum.

**7 nætur, 29.jan. –5. febrúar.**

FULLT VERÐ 141.300 KR.

**91.300 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á íbúðarhótelinu Las Camelias

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

Vita FERÐASKRIFSTOFA

# KAUPTU JÓLAGJA N1 PUNKTANA ÞÍN

SILFURTILBOÐ 1

## iPad 4 16GB

SVARTUR EÐA HVÍTUR

- 16GB
- 9,7" Retina skjár
- A6X örgjörvi með 4-kjarna grafík
- iSight myndavél 5 megapixla, 1080p upptaka
- Facetime HD
- Ofurhröð þráðlaus tækni
- Innbyggt WI-FI
- Lightning tengi
- iOS6 með Siri og iCloud
- 10 tíma rafhlaða

FULLT VERÐ 89.990 KR. STK.

**79.990 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x10



PUNKTAR GILDA x15

SILFURTILBOÐ 2

## MYNDAVÉL

CANON EOS 1100D
M/ EF-S 18-55MM III DC

- 16GB minniskort
- DSLR myndavél
- EF-S 18-55mm 3,5-5,6 III DC linsa
- Kennslubók um stafræna ljósmyndun á íslensku
- 12 megapixla APS-C myndflaga
- 14 bita DIGIC 4 myndgjörvi skilar hraðvirkri myndatöku
- HD EOS Movie stilling
- Tekur HD video á 25 og 30 römmum á sek.

FULLT VERÐ 89.900 KR.

**74.900 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

FITON / SÍA

SILFURTILBOÐ 3

## BAKPOKI

OSAH – 60 L

- Hæðarstillanlegar burðarólar
- Álstangir í bakstuðningi.
- 'Mesh'-púðar með öndun
- Vatnsheld yfirbreiðsla
- Úr 600din PVC efni

FULLT VERÐ 14.990 KR.

**8.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x6

SILFURTILBOÐ 4

## FULLKOMIN HÁLKUVÖRN

SNOWLINE CHAINSEN LIGHT

FULLT VERÐ 9.990 KR.

**6.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x3

- Frábær lausn fyrir útivistarunnendur og íþróttafólk
- Framúrskarandi grip með broddum úr hertu stáli
- Teygjanlegt gúmmí, smellpassar á allan skóbúnað
- Heldur eiginleikum sínum niður í allt að -40°C frost
- Þægilegir í notkun
- Einstaklega létt: 320 gr (stærð M)
- 4 stærðir í boði: S (32-36), M (36-40), L (40-44), XL (44-48)



PUNKTAR GILDA x10

SILFURTILBOÐ 6

## SNJALLSÍMI

SAMSUNG GALAXY SIII

- Flottasti síminn frá Samsung til þessa.
- GPS, WiFi og 3G
- 8 MP myndavél með autofocus
- 4,8 tommu skjár
- 1080p@30fps
- FM útvarp
- 16 GB geymsla, 1 GB RAM

FULLT VERÐ 109.900 KR. STK.

**99.900 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR

SILFURTILBOÐ 5

## HEYRNARTÓL

SONY

- Kraftmikið hljóð og mjög mikil gæði
- Þétt og lokuð
- Tíðnisvið 10-24. 000Hz
- 30mm hátalarar
- Passa fyrir iPod, Walkman og aðra MP3 spilara

FULLT VERÐ 9.990 KR.

**7.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

Tilboðin gilda í desember eða meðan birgðir endast.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!







# SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 þjónustustöðvum og í N1 verslunum um allt land.

# FIR FYRIR A

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

**N1 APP**

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**

Vörur keyptar á silfurtilboði fást nú afhentar í völdum verslunum og þjónustu-stöðvum um allt land

N1TILBOÐ

## KERAMIK HNÍFASETT

FULLT VERÐ
6.990 KR.
**3.990 KR.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x3



N1TILBOÐ

## TAPAS-SETT

FULLT VERÐ
3.990 KR.
**1.990 KR.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2



N1TILBOÐ

## DÚKKUR

FULLT VERÐ
2.990 KR. STK
**990 KR. STK.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2



N1TILBOÐ

## RAFMAGNSBÍLL

PUNKTAR GILDA x3

FULLT VERÐ
8.900 KR.
**5.900 KR.**
+1.000 PUNKTAR



N1TILBOÐ

## COCA-COLA EÐA COCA-COLA LIGHT 4x2L

FULLT VERÐ
1.580 KR. STK.
**0 KR. STK.**
+890 PUNKTAR



N1TILBOÐ

## BÆKUR

· Top Gear – 100 geggjuðustu bílarnir.

· Angry Birds – Svínslegar eggjauppskriftir

FULLT VERÐ
4.790 KR. STK.
**2.790 KR. STK.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2



N1TILBOÐ

## ANTHON BERG

PUNKTAR GILDA x2

FULLT VERÐ
2.990 KR.
**990 KR.**
+1.000 PUNKTAR



N1TILBOÐ

## ELDHÚSVIGT

FULLT VERÐ
3.528 KR. STK.
**1.528 KR. STK.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2



N1TILBOÐ

## JAM HÁTALARI

FULLT VERÐ
8.600 KR. STK.
**5.600 KR. STK.**
+1.000 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x3



N1TILBOÐ

## CD

PUNKTAR GILDA x2

· Raggi Bjarna 3xCD – Dúettar
· Ný Dönsk DV/DVD – 25 ára afmæli í Eldborgarsal Hörpu
· Ríó CD/DVD – Eitthvað undarlegt

FULLT VERÐ
3.795 KR. STK.
**1.795 KR. STK**
+1.000 PUNKTAR



N1TILBOÐ

## DVD

· Spider-man
The Amazing Spider-Man
· Intouchables
Vinsælasta mynd 2012
· Ísöld 4 – Heimsálfuhopp með íslensku tali.

PUNKTAR GILDA x2

FULLT VERÐ
2.990 KR. STK
**990 KR. STK**
+1.000 PUNKTAR



# Galdrafár á Grímsstöðum

FJÁRFESTINGAR



Tryggvi Harðarson
fv. bæjarfulltrúi og varaþingmaður

Umræðan um fyrirhugaðar fjárfestingar Huangs Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum hefur verið með ólíkindum. Ægir þar saman rangfærslum og fordómum sem ég hélt að heyrði til liðinni tíð. Fáir hafa orðið til þess að taka upp hanskann fyrir Huang hér á landi en nokkur fjöldi manns hefur farið með fleipur og bull varðandi fyrirhugaðar fjárfestingar hans á Grímsstöðum. Hvað veldur get ég ekki alveg áttað mig á. Hvort það er eingöngu fávísi og fordómar eða eitthvað annað sem liggur þar að baki get ég ekkert fullyrt um. Umræðan minnir um sumt á galdrafár á öldum áður hér á landi.

### Ósannindi og rógburður

Það er sorglegt þegar fólk fer með rógburð og ósannindi á opinberum vettvangi í garð einstaklinga. Minn gamli skólafélagi og vinur, Huang Nubo, hefur ekki farið varhluta af því. Hann hefur verið sakaður um að ætla sér allt annað en að byggja upp ferðaþjónustu á Grímsstöðum á Fjöllum, án þess að fyrir því sé hinn minnsti flugufótur. Dæmi um það eru fullyrðingar um að hann sé einvörðungu að ná sér í veð með því að leigja Grímstaði – og síðan ætli hann að fjárfesta einhvers staðar allt annars staðar eða svíkja fé út úr kínverskum bönkum. Hefur Huang tjáð þeim sem halda slíku fram frá þessu eða eru þeir hugsanalesarar? Hafa viðkomandi komist í skjöl eða pappíra frá Huang sem benda til þess að eitthvað slíkt sé á ferðinni? Eða er þetta einvörðungu hugarburður rógbera sem telja sig geta staðhæft að tilgangur Huangs sé allur annar en hann hefur skýrt frá og unnið að? Fólk sem heldur slíku fram virðist ekki hafa snefil af sjálfsvirðingu og fer með fleipur sem á sér enga stoð í raunveruleikanum.

### Bullað og ruglað

Mikið hefur verið bullað og ruglað á blogginu og víðar varðandi fyrirhugaðar fjárfestingar Huangs hér á landi. Það væri að æra óstöðugan að fara að svara því öllu. Huang sjálfur er síst í aðstöðu til að standa í skæklatogi af þeim toga, enda kurteis maður. Hann á hins vegar erfitt með að skilja þá tortryggni og óvild sem ýmsir hafa sýnt honum og hans áformum, eins og fram kemur í viðtali við hann í Mannlífi. Bullið um herstöðvar, njósnabyrgi, innflutning á Kínverjum og stórskipahöfn á Grímsstöðum er með slíkum ólíkindum að engu tali tekur. Svo virðist sem sumir hafi enga þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda hér á landi og allir þurfa að lúta. T.d. má ekki opna malarnámu án þess að fá til þess tilskilin leyfi og samkvæmt skipulagslögum. Eins má ekki flytja inn vinnuafl utan EES-svæðisins án þess að fá til þess tilskilin leyfi yfirvalda. Samt tala sumir og skrifa eins og allt leyfist í þeim efnum. Þá er fullyrt að leigi Huang jörðina Grímsstaði megi hann nýta allt sem í jörðu finnst þrátt fyrir að í drögum í samkomulagi milli fyrirtækis hans og sveitarfélaga komi sérstaklega fram að svo sé ekki.

Ég hef orðið var við að hið besta fólk er farið að trúa ýmsu því sem haldið hefur verið fram um Huang og fjárfestingaráform hans á Íslandi, eða er fullt af efasemdum í hans garð. Minnir það mig mest á galdrafárið á Íslandi á 17. öld þar sem Páll prestur í Selárdal fór fremstur í flokki, en þjóðin varð fljótlega leið á ofsóknunum og galdrabrennunum. Það var svartur kafli í Íslandssögunni. En rógurinn og lygarnar hafa seytlað út í þjóðarsálina. Því verður ekki svarað í stuttri blaðagrein. Því mun ég freista þess að gera betur grein fyrir Huang Nubo og því umhverfi sem hann er sprottinn úr í lengri greinargerð á Vísi.is, þar sem þeir sem hafa áhuga og nennu geta lesið hugleiðingar mínar.

**➜ Það er sorglegt þegar fólk fer með rógburð og ósannindi á opinberum vettvangi í garð einstaklinga. Minn gamli skólafélagi og vinur, Huang Nubo, hefur ekki farið varhluta af því. Hann hefur verið sakaður um að ætla sér allt annað en að byggja upp ferðaþjónustu á Grímsstöðum á Fjöllum, án þess að fyrir því sé hinn minnsti flugufótur.**

Cadbury COCOA

GÓMSÆTT






Gerir gæfumuninn!

**Gómsætar brownies**

175 g dökkt súkkulaði, brotið
175 g ósaltað smjör, mjúkt
40 g Cadbury kakó
50 g valhnetur, hakkaðar
250 g sykur
75 g hveiti
3 egg

Hitið ofninn í 180 °C. Húðið 20x20 cm form með PAM olíuúða. Bræðið súkkulaðið og smjörið yfir vatnsbaði og kælið síðan lítillega. Þeytið egg og sykur þar til þykkt og áferðin kremuð og hellið yfir súkkulaðiblönduna. Að lokum er hveitið sigtað og því bætt út í ásamt kakóinu og hnetunum. Hellið í formið og bakið í 25-30 mínútur. Skreytið með súkkulaði og karamellu ganach ásamt valhnetum.



MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. desember 2012 | 21. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Græna prentsmiðjan!
141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




## ÍSLENSKI **HUGBÚNAÐARKLASINN** KORTLAGÐUR

- **Umfjöllun um nýja skýrslu um íslenska hugbúnaðargeirann**
- **Hugbúnaðargeirinn hefur vaxið hratt síðasta áratuginn**
- **Tækifæri fólgin í aukinni samvinnu milli fyrirtækja og innleiðingu klasahugsunar**

## Steinunn Guðbjartsdóttir áfram hjá Glitni eftir nauðasamninga

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, mun sitja í stjórn þess eignaumsýslufélags sem verður til utan um eignir þrotabúsins ef nauðasamningar þess verða samþykktir, líkt og stefnt er að snemma á næsta ári. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu Glitnis. Á meðal eigna félagsins yrði 95 prósenta hlutur í Íslandsbanka.

Fyrir nokkru var tilkynnt um að Svíinn Jan Kvarnström yrði stjórnarformaður félagsins. Sex manna nefnd var síðan falið að velja aðra stjórnarmenn. Í þeirri nefnd sátu meðal annars Páll Eiríksson, hinn meðlimur slitastjórnar Glitnis, fulltrúi Seðlabanka Íslands og nokkrir fulltrúar kröfuhafa. Þeirra á meðal var Jeremy Lowe frá Davidson Kempner European Partners, en vogunarsjóður í stýringu þess fyrirtækis, Burlington Loan Management, er stærsti kröfuhafi Glitnis.

Aðrir sem munu sitja í stjórninni auk Steinunnar og Kvarnström, gangi nauðasamningarnir eftir, eru Mike Wheeler, Steen Parsholt og Tom Grøndahl.

- þsj

## Verðið nærri efri mörkum í hlutafjárútboði Vodafone

Alls bárust tilboð fyrir 9.969 milljónir króna í lokaða hluta útboðs Framtakssjóðs Íslands á 50 til 60% eignarhlut í Vodafone. Alls var 40% eignarhlutur í boði í lokaða hlutanum og var umframeftirspurn 2,4 föld.

Verð á hlutum í útboðinu verður 31,5 krónur í ljósi niðurstöðu útboðsins. Auglýst útboðsgengi var á bilinu 28,8 til 33,3 krónur og er niðurstaðan því í efri hluta þess bils. Tvö virðismöt birtust um bréf Vodafone fyrir útboðið. IFS-greining mat hlutina á 25,1 krónu en greiningardeild Arion banka mat þau á 32,5 krónur.

Lokaði hluti útboðsins beindist að fagfjárfestum og var lágmarksáskrift 50 milljónir að markaðsvirði. Opni hluti útboðsins hófst á mánudag en í honum gefst almennum fjárfestum tækifæri á að skrá sig fyrir hlutum á áður tilgreindu verði. Opna hluta útboðsins lýkur á morgun.

- mþl



## Fróðleiksmolinn DataMarket

### Langtímaatvinnuleysi

Eftirfarandi myndrit sýnir fjölda atvinnulausra eftir lengd á atvinnuleysiskrá. Eins og sjá má fór heildarfjöldi atvinnulausra yfir 16 þúsund á mánuðunum eftir bankahrunið en var í október 2012 kominn niður í 8.600 einstaklinga.

Hin árstíðabundna sveifla í heildaratvinnuleysi sést greinilega á myndritinu. Með árstíðabundinni sveiflu er átt við að atvinnuleysi er almennt minna á sumrin en á veturna. Þrátt fyrir að heildaratvinnuleysi hafi minnkað hefur fjöldi þeirra sem hafa verið án atvinnu í lengra en eitt ár ekki lækkað með sama hætti. Sá fjöldi hélst lengi stöðugur í kringum 4,5 þúsund og fór ekki að lækka fyrr en í árslok 2011 en þá munu hafa verið liðin þrjú ár frá bankahruninu.




### Hlutfall atvinnulausra eftir lengd

Sé hlutfallsleg skipting skoðuð, má sjá að um helmingur atvinnulausra hefur verið án atvinnu í 9 mánuði eða lengur og teljast þeir einstaklingar því „langtímaatvinnulausir". Hlutfall þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en eitt ár miðað við síðustu mælingar er í kringum 40% af atvinnulausum. Það er talsverð breyting frá árum fyrir hrun þegar það hlutfall var oftast nær á bilinu 20-25%.




## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 5. desember**
- **Lífeyrissjóðir** – hagtölur SÍ
- **Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum**
- **Vöruskipti við útlönd**
- **Gistinætur og gestakomur á hótelum í okt. 2012**
- **Niðurhal á Íslandi** – jólaráðstefna Ský

**Föstudagur 7. desember**
- **Efnahagur Seðlabankans** – hagtölur SÍ
- **Talningar úr þjóðskrá**
- **Landsframleiðslan á 3. ársfj. 2012**
- **Vísitala launa á 3. ársfj.2012**
- **Útboð ríkisbréfa**

**Mánudagur 10. desember**
- **Erlend staða Seðlabankans** – hagtölur SÍ
- **Bein fjárfesting** – hagtölur SÍ
- **Markaðsupplýsingar Lánamála Ríkisins**
- **Fjármál hins opinbera á 3. ársfj. 2012**

**Þriðjudagur 11. desember**
- **Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir landshlutum**

**Miðvikudagur 12. desember**
- **Greiðslumiðlun** – hagtölur SÍ
- **Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Eigendur hagnast á tapi Klakka

***Klakki hefur tapað 23,3 milljörðum á tveimur árum. Féð rennur til kröfuhafa og eigenda. Eignir rýrnuðu um 33 milljarða í fyrra.***

**VIÐSKIPTI**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Klakki, sem áður hét Exista, tapaði 12,7 milljörðum króna í fyrra. Það tap bættist við 10,5 milljarða króna tap árið 2010. Því nemur samanlagt tap samstæðunnar 23,3 milljörðum króna á tveimur árum. Alls fengu hluthafar Klakka greidda 5,4 milljarða króna í samræmi við nauðasamning félagsins á síðasta ári. Til viðbótar greiddi félagið alls 8,5 milljarða króna í vaxtagjöld til lánardrottna sinna. Þetta kemur fram í ársreikningi Klakka sem var skilað inn til ársreikningaskráar 14. nóvember síðastliðinn. Klakki er meðal annars eigandi Skipta (móðurfélags Símans), VÍS og Lýsingar.

Vert er að taka fram að tilgangur Klakka er ekki að skila hagnaði, heldur að endurgreiða eigendum sínum og kröfuhöfum í samræmi við nauðasamninga félagsins sem samþykktir voru í október 2010. Samkvæmt þeim breyttu kröfuhafar tíu prósentum af 239,1 milljarðs króna kröfum í hlutafé og 90 prósentum var breytt í kröfur sem hægt er að breyta í hlutabréf í félaginu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau eru eftirfarandi: að endurgreiðslur byggi á lausum sjóðum félagsins og beri ekki vexti. Í lok árs 2020, eða seinna, þó ekki seinna en í lok árs 2030, verður fjárhæðum sem ógreiddar eru til kröfuhafa breytt í hlutafé í félaginu. Í ársreikningnum kemur fram að Klakki hafi „þegar greitt 5,4 milljarða króna í tengslum við nauðasamninginn" um síðustu áramót.

Eignir Klakka rýrnuðu um 33 milljarða króna í fyrra, og stóðu í 211 milljörðum króna í lok ársins. Langtímaskuldir samstæðunnar voru 126,3 milljarðar króna og lækkuðu um 15 milljarða króna á árinu 2011. Alls átti Klakki 12,5 milljarða króna í sjóðum og bankainnstæðum um síðustu áramót.




**STÆRSTUR** Arion banki er stærsti einstaki eigandi Klakka, sem áður hét Exista. Næststærsti eigandinn er þrotabú Kaupþings, sem á Arion banka að mestu. Þriðji stærsti eigandinn er vogunarsjóðurinn Burlington Loan Management, sem verður á meðal stærstu eigenda Kaupþings eftir nauðasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í ársreikningnum er einnig farið yfir ýmislegt sem gerst hefur á þessu ári, 2012. Þar er meðal annars sagt frá því að þann 16. mars hafi Pera ehf., dótturfélag Lýsingar, greitt Deutsche Bank 35 milljarða króna af skuld sinni við bankann. Um er að ræða skuld í erlendum gjaldeyri sem greidd var í íslenskum krónum. Greiðslan þurfti ekki undanþágu frá gjaldeyrishöftum þar sem um var að ræða greiðslu á láni.

Þá er fjallað um söluna á Lífís til VÍS, dótturfélags Klakka, þann 19. mars síðastliðinn. Í reikningnum segir að verðmæti Lífís hafi verið metið af utanaðkomandi aðila og var það mat lagt til grundvallar í samningnum. Heildargreiðsla VÍS til Klakka fyrir hlutina í Lífís var 3,2 milljarðar króna. Greitt var fyrir félagið með reiðufé að upphæð 800 milljónir króna en restin af kaupverðinu var greidd með fjáreignum VÍS ótengdum tryggingarekstri. Hluti af þeim fjáreignum voru skuldabréf og hlutabréf útgefin af Klakka og tengdum aðilum.

### Í EIGU VOGUNARSJÓÐS OG ÞROTABÚS

**KLAKKI** Þann 20. apríl gerði Klakki/Exista samning við þrotabú Kaupþings um uppgjör allra krafna og ágreiningsmála sem uppi voru á milli aðilanna tveggja, en Kaupþing hafði verið langstærsti lánveitandi Klakka/Exista á árunum fyrir hrun auk þess sem félagið var stærsti einstaki eigandi bankans. Fréttablaðið greindi frá því stuttu seinna að í samkomulaginu hefði falist að Klakki/Exista gæfi eftir alls 254 milljarða króna kröfur í þrotabú Kaupþings sem að mestu voru tilkomnar vegna afleiðusamninga. Á móti losaði Kaupþing, sem átti 50 milljarða króna samþykkta kröfu á Klakka/Exista, um 15 milljarða króna innstæðu sem búið hafði haldið hjá sér á meðan deilur stóðu yfir á milli aðilanna. Auk þess féll Kaupþing frá kröfum á Klakka/Existu sem samanlagt voru að svipaðri upphæð og þær sem Klakki/Exista féll frá. Í ársreikningnum kemur fram að eftir samkomulagið hafi verið lýstar kröfur í 284 milljarða króna og að Kaupþing hafi við það eignast 20 prósenta hlut í Klakka/Exista. Stærsti einstaki eigandi Klakka er Arion banki með um 36 prósenta eignarhlut, en sá banki er að langstærstu leyti í eigu Kaupþings. Einn stærsti kröfuhafi Kaupþings, vogunarsjóðurinn Burlington Loan Management, er síðan þriðji stærsti einstaki eigandi Klakka/Existu með að minnsta kosti 12,4 prósenta eignarhlut. Sjóðurinn hefur keypt mikið af kröfum á Klakka/Existu á eftirmarkaði á undanförnum árum.

Við óskum Íslandspósti til hamingju með nýju VANTAGE bréfaflokkunarvélina frá Pitney Bowes



PITNEY BOWES á sér 65 ára sögu í sölu póstvéla á Íslandi undir merki okkar félags og hefur ávallt verið í fararbroddi með nýjungar, hvort sem er í póststimpilvélum, umslagapökkunarvélum eða öðrum vélum tengdum bréfa- og póstvinnslu.

90 ára 1919 2009 Otto B. Arnar ehf.

**Otto B. Arnar ehf.**
Skipholti 17 - 105 Reykjavík

Greiningardeild Arion banka hefur gefið út skýrslu um íbúðamarkað:

# Kröftug hækkun íbúðaverðs næstu ár

Útlit er fyrir að fasteignaverð hér á landi hækki um 8 til 9% á næstu tveimur árum eða sem nemur 4 til 5% raunverðshækkun. Þetta er niðurstaða greiningardeildar Arion banka sem gaf í gær út skýrslu sem nefnist Fasteignamarkaður á göngudeild: Horfur til 2014.

Í skýrslunni eru eftirfarandi þættir sagðir styðja við fasteignaverð á næstu árum. Í fyrsta lagi aukin umsvif í hagkerfinu samhliða vaxandi kaupmætti. Í öðru lagi hagstæð vaxtakjör sem eru ein afleiðing gjaldeyrishaftanna og í þriðja lagi að byggingarkostnaður er enn hár sem dregur úr hvata til nýbygginga.

Á móti eru kröfur um nokkuð eigið fé við fasteignakaup og sú staðreynd að skuldsetning er enn mikil talin vinna á móti batanum á fasteignamarkaði.



**ARION BANKA Í GÆR** Hafsteinn Hauksson, hagfræðingur í greiningardeild Arion banka, kynnti skýrsluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá telur greiningardeildin að verð ákveðinna gerða fasteigna muni hækka meira en annarra á tímabilinu. Þannig muni verð minni eigna, einkum og sér í lagi í fjölbýli, og eigna í elstu hverfum höfuðborgarsvæðisins hækka af meiri krafti en verð annarra eigna, ekki síst vegna neikvæðrar eiginfjárstöðu nýrra fasteignakaupenda.

- mþl



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



Dagsbirtuvekjari

**PHILIPS**

**Philips HF3465**
Vekjari með ljósi sem vekur mjúklega með „sólarupprás" sem er stillanleg frá 0-30 mín. Nota má vekjara án ljóss. 20 birtustig. Notalegt hljóð til að vakna við.

VERÐ **17.995** FRÁBÆRT VERÐ

Klínískt prófaður - Philips hefur 100 ára reynslu í ljóstækni.



**Lenco** AUDIO-VIDEO

**Lenco PODO151**
Lenco MP3 spilari með skrefamæli og 4GB minni. 1,8" skjár. Skrefamælir. USB 2.0. Rauf fyrir Micro SD kort að 8GB. Upptökumöguleiki.

**Taska til að festa á handlegg fylgir!**

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ



FRÁBÆR Í RÆKTINA

**PHILIPS**

**Philips SHQ1000**
Vandaðir vatnheldir íþróttatappar úr anti bacterial agent efni. Bass Beat. 24k gulltengi. 1.2m OFC kapall.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS | O'NEILL**

PHILIPS O'NEILL HEYRNARTÓL eru fyrir kröfuharða. Hágæða hljómgæði, veðurþolin, slitsterk og byggð til að endast.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips AZ102**
Einfalt ferðatæki með geislaspilara og útvarpi.

VERÐ **12.995** FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips MC147**
Hljómgóð míkrósamstæða með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ



**Lenco** AUDIO-VIDEO

**Lenco DVP736**
Fjölkerfa DVD ferðaspilari með 7" LCD skjá og hristivörn, USB, AV og heyrnatólstengi. SD/MMC kortalesari. Innbyggð hleðslurafhlaða. Stereó hátalarar. Heyrnartól, fjarstýring, höfuðpúðafesting og 240V-12v tengi í bíl fylgir. 3 litir, blár, gulur eða grænn. Snúningsskjár.

VERÐ **22.995** FRÁBÆRT VERÐ



**Nikon** **Jólatilboð: Taska að verðmæti 2.495 fylgir**

**Nikon S3300**
16 milljón punkta myndavél með 2,7" LCD-skjá. NIKKOR linsa. 4x fókusvörn. 6x Optical og 4x Digital Zoom. Rafræn titringsjöfnun. EXPEED C2. AF-andlitsstilling. Sendir myndir þráðlaust. HD hreyfimyndataka. Allt að 210 myndir á rafhlöðu. 45MB minni og kortarauf. Hleðsla í straum eða USB. Íslenskur leiðarvísir.

**ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR**

VERÐ **22.995** FRÁBÆRT VERÐ



**MELISSA**

**Melissa 644020**
400w safapressa sem tekur hart grænmeti og ávexti. Ekki þarf að taka fræin úr eða afhýða. 2 hraðar. Stór hratbakki.

VERÐ **7.995** FRÁBÆRT VERÐ

**wilfa**



**Wilfa 3DPMAS**
3D Shiatsu nuddpúði með innbyggðum I.R hitara (Infrared hitun). Slekkur á sér eftir 15 mín.

VERÐ **7.995** FRÁBÆRT VERÐ



**wilfa**

**Wilfa 3DPMASSWH**
3D Shiatsu nuddsæti bak og sæti. 3 stillingar. Innrauð hitun. 4 kúlur nudda bak. Slekkur á sér eftir 15 mín.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ



**elna**

**Elna ELNA220EX**
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla að framan. Stilliskífa fyrir spor. Nál stillanleg frá miðju. Spóluvinda og tvinnahnífur. 4 gerðir saumfóta. Overlock. Ábreiða og íslenskur leiðarvísir fylgir.

VERÐ **36.995** FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




# Sóknarfæri í hugbúnaðarklasanum

*Íslenski hugbúnaðargeirinn hefur verið kortlagður heildstætt í fyrsta skipti. Í nýrri skýrslu, sem unnin var fyrir Íslandsstofu og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, kemur fram að mikil tækifæri felist í aukinni samvinnu.*

**NÝSKÖPUN**
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Mikil tækifæri felast í auknu samstarfi meðal íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Þetta er niðurstaða nýrrar skýrslu þar sem íslenski hugbúnaðargeirinn og möguleikar hans eru kortlagðir.

Skýrslan var unnin fyrir Íslandsstofu í samstarfi við Samtök upplýsingatæknifyrirtækja af Vilhjálmi Jens Árnasyni, verkefnisstjóra hjá Íslenska sjávarklasanum. Byggir hún meðal annars á viðtölum við forsvarsmenn hátt í 70 fyrirtækja í greininni.

„Það sem maður rekur augun fyrst í er einfaldlega hvað það er mikill kraftur í þessum geira og mikil tækifæri,“ segir Vilhjálmur og heldur áfram: „Þetta er fremur ung atvinnugrein, en fyrir rúmum áratug voru kannski fimm til tíu fyrirtæki sem voru í einhverjum útflutningi. Núna eru kannski 70 til 80 fyrirtæki sem mörg hver eiga í heilmiklum viðskiptum við erlenda aðila. Þannig að umsvifin í þessari ört vaxandi grein eru orðin mjög mikil og teygja sig um allan heim.“



VILHJÁLMUR JENS ÁRNASON

Velta þeirra um 70 fyrirtækja sem rætt var við í tengslum við skýrslugerðina var áætluð rúmlega 58 milljarðar króna og þá er talið að umsvif þeirra erlendis nemi um 37 milljörðum. Hjá fyrirtækjunum starfa samtals um 3.300 manns, þar af 2.100 á Íslandi. Um 80% fyrirtækjanna hafa hug á því að auka útflutning og erlend umsvif sín enn frekar. Þá telja þau sig flest vera tæknidrifin fremur en markaðsdrifin þótt markaðskunnátta sé talin sífellt að aukast.

**AUKA ÞARF SAMVINNU**

Við vinnslu skýrslunnar voru hugbúnaðarfyrirtæki spurð út í samstarf sín á milli. Kom í ljós að um tveir þriðju fyrirtækjanna eiga í litlum sem engum samskiptum við önnur fyrirtæki í geiranum og þá töldu 90% fyrirtækja mögulegt að auka samstarfið.

Er það því niðurstaða skýrslunnar að miklir möguleikar geti falist í aukinni samvinnu innan greinarinnar með innleiðingu klasahugsunar. Þannig megi efla greinina, nýta mannafla betur og skapa meiri virðisauka.

„Það er verið að vinna af miklum krafti eftir klasahugmyndafræði í nágrannaríkjum okkar. Danir og Svíar hafa til að mynda þróað mjög stóran klasa, Eyrarsundsklasann, sem getur verið okkur ákveðin fyrirmynd,“ segir Vilhjálmur og bætir við: „Það liggur fyrir að í þessum geira hér á landi eru fleiri tækifæri en menn ná að anna, meðal annars vegna skorts á starfsfólki. Þarna kemur klasahugsunin til því með bættri samvinnu ættum við að geta nýtt kraftana betur og þannig skapað ný tækifæri og aukið arðsemi.“

Til stendur að vinna frekar með þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni. Þannig segir Vilhjálmur að lokum að Íslandsstofa hafi þegar kynnt aðgerðaráætlun fyrir árin 2013 og 2014 sem byggi á hugmyndun úr skýrslunni. Þá vonast hann til þess að Samtök upplýsingatæknifyrirtækja geti einnig nýtt niðurstöðurnar með það að markmiði að gera greininni kleift að vaxa og dafna á næstu árum.

## HVAÐ ER KLASI?

Klasi í atvinnulífinu er skilgreindur sem landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja og stofnana á ákveðnu sviði. Þannig getur verið um að ræða fyrirtæki, birgja, þjónustuaðila, fyrirtæki í tengdum atvinnugreinum og stofnanir sem keppa hvert við annað á afmörkuðu sviði en eiga einnig í ýmiss konar samstarfi. Þannig getur skapast heild sem er sterkari en einstaka aðilar hver í sínu lagi. Klassíska dæmið um klasa sem myndast hefur er Kísildalurinn í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

## UM MYNDINA AÐ OFAN

Í tengslum við gerð skýrslunnar voru íslensk hugbúnaðarfyrirtæki spurð að því á hvaða sviði hugbúnaðargerðar þau væru að vinna. Til hliðsjónar var stuðst við sænskt líkan yfir uppbyggingu hugbúnaðarklasa en blaðamaður þýddi heiti sviðanna yfir á íslensku. Á myndinni hér að ofan má sjá á hvaða sviðum fyrirtækin töldu sig starfa auk fjölda starfsmanna hjá hverju þeirra. Taka má fram að ekki áttu öll fyrirtækin þó auðvelt með að átta sig á því hvar þeirra starfsemi lægi og þá starfa flest fyrirtækin á fleiri en einu sviði. Segir í skýrslunni að það hafi verið mat margra að það endurspeglaði hversu fjölþætt verkefni mörg fyrirtæki væru að taka að sér, en smæð markaðarins gerði að mati þeirra kröfu á að fyrirtækin gætu tekist á við mörg ólík verkefni.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## JÓLAMATARMARKAÐUR

**Jólamatarmarkaður verður haldinn á bílaplaninu við Nóatún 17 á laugardag. Beint frá býli og Búrið standa að markaðnum en í ár verða 30 framleiðendur með vörur sínar. Alls kyns matvæli verða á boðstólum; naut, lamb, hangikjöt, ostar, kandís og brauð svo eitthvað sé nefnt.**



**JÓLATRÉ ÁRSINS** Óskar Baldursson og Hallgrímur Jón Hallgrímsson hjá garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar með stafafuru milli sín. MYND/ANTON

# JÓLATRÉ TIL MÆÐRASTYRKSNEFNDAR

**GOTT FRAMTAK** *Reykjavíkurborg gefur skjólstæðingum Mæðrastyrksnefndar jólatré fyrir hver jól, fallegar stafafurur sem höggnar eru við Hólmsheiði.*

Á hverju ári gefur Reykjavíkurborg fjölda jólatrjáa til Mæðrastyrksnefndar. Skógarsvæði borgarinnar er um 17 hundruð hektarar að flatarmáli og nær frá Öskjuhlíð, upp Elliðaárdalinn og út á Rauðavatn og inn í Heiðmörk. Á hverju hausti þarf að grisja skógana til að gefa öðrum trjám pláss til að vaxa. Óskar Baldursson, verkstjóri hjá Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar, segir mikinn fjölda trjáa vera höggvinn niður á hverju hausti og að starfsmenn Garðyrkjudeildarinnar safni bestu trjánum saman og gefi þau. „Reykjavíkurborg vill auðvitað ekki vera í samkeppni á jólatrjáamarkaði og því gefum við þessi tré til Mæðrastyrksnefndar. Ef þetta eru mörg tré nýtur Fjölskylduhjálp Íslands líka góðs af þeim. Það er misjafnt milli ára hvað þetta eru mörg tré en yfirleitt eru þau á milli 100-300. Þetta er auðvitað enginn óskaplegur fjöldi en þó mjög vel þegið. Það er mjög gott fyrir fólk sem fær jólamatinn að kippa einu tré með heim.“

Flest jólatrén sem höggvin eru niður eru stafafurur og koma úr skógi borgarinnar sem stendur á Hólmsheiði milli Rauðavatns og Reynisvatns. Þar hefur Reykjavíkurborg gróðursett heilmikið af stafafurum undanfarin ár að sögn Óskars. Hann segir stafafuruna verða sífellt vinsælli sem jólatré hjá landsmönnum enda sé hún afar seig og haldi nálum vel og lengi, jafnvel fram að páskum beri svo undir. Íslenska greninu sé hins vegar hætt við að fella nálar milla jóla og nýárs.

„Trén sem við fellum eru misstór en við reynum að velja frekar smá tré sem passa inn á heimili fólks. Flest trén sem við gefum eru stafafurur sem eru á bilinu 1-1,5 metrar á hæð. Við byrjum að höggva þau í október og geymum þau úti við. Stafafuran geymist vel við þannig aðstæður enda ótrúlega seig og heldur nálum vel úti í kuldanum.“

Óskar og félagar höggva ekki bara niður jólatré til heimilisnota. Stóru grenitrén sem prýða hringtorg höfuðborgarsvæðisins eru líka höggvin niður í skógarsvæði borgarinnar, þá helst í Öskjuhlíðinni.



**VINSÆL** Stafafuran verður sífellt vinsælli sem jólatré enda afar seig og heldur nálum vel og lengi. MYND/ANTON



















PRENTUN.IS

ÚTSALA HAFIN Á ÚLPUM!
Opið laugardaga 11:00-15:00

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Jólaskeiðin 2012 er hönnuð af Sóleyju Þórisdóttur.
Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr ósviknu silfri.
Verð: 18.500.- stgr.

ERNA GULL- OG SILFURSMIÐJA
Skipholti 3 - Sími: 552 0775 - www.erna.is
Silfurmunir og skartgripir síðan 1924

Gjafamarkaður
HANDUNNIN LIST FRÁ KÍNA
Postulín
Borðdúkar
Kínaföt
Gólfteppi
Lampar
Blómapottar
Te og tesett
ofl. ofl.

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-17
HEILSUDREKINN
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is


SAFT
RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN
Heimili og skóli
www.saft.is



# EFLIR MÁLVITUND

**HÚMOR OG HEILABROT** *Orðabelgur er skemmtilegt og fræðandi spil sem eflir íslenskukunnáttu og málvitund barna og fullorðinna. Það er tilvalið fjölskylduspil en má líka nota til að brjóta upp íslenskukennslu í skólum.*

Orðabelgur er nýtt íslenskt borðspil eftir kennarana Ingibjörgu Möller og Ingibjörgu Símonardóttur. Spilið býður upp á heilabrot, vangaveltur, orðaleiki og gáska og þátttakendur leika sér með íslenskt mál á nýstárlegan hátt. Spilið er fyrir börn og fullorðna og er bæði ætlað til skemmtunar og til að efla íslenskukunnáttu og málvitund.

Þessar hugmyndir höfðu verið í gerjun hjá mér í mörg ár og ég bar þær undir nöfnu mína Ingibjörgu Möller sem tók mér vel. Við höfum svo unnið markvisst að gerð spilsins síðustu þrjú ár," segir Ingibjörg Símonardóttir sem er sérkennari og talmeinafræðingur. Ingibjörg Möller er sérkennari sömuleiðis og fyrrverandi aðstoðarskólastjóri. Það liggur því margvísleg reynsla að baki verkefnavali og hugmyndafræði spilsins.

„Þetta er þó fyrst og fremst skemmtilegt spil fyrir fólk á öllum aldri en það er bæði búið barna- og fullorðinsspurningum. Þá reynum við að læða húmornum með og bera orðasamböndin, sem eru tekin fyrir, þess merki. Þetta er því fyrirtaksfjölskylduspil en líka upplagt til að brjóta upp íslenskukennslu í skólum," segir Ingibjörg S. „Þetta er skemmtileg leið fyrir íslenskar fjölskyldur erlendis til að viðhalda málinu eða fyrir útlendinga sem eru að læra málið. Spilið býður líka upp á sprell og leikræna tjáningu. Þá er í því fólgin ágætis leiðtogaþjálfun fyrir þann sem tekur að sér að vera Orðhákur og stjórna spilinu. Sá sem vinnur fær svo titilinn Orðspekingur en það er umbunin fyrir að vinna."

Höfundarnir segja spilið bjóða upp á mikla möguleika. „Þeir ungu nema á meðan þeir sem eldri eru rifja upp. Við höfum heyrt að spilið eigi að vera skyldueign á hverju heimili og helst að vera spilað einu sinni í viku. Hver umferð tekur innan við eina klukkustund svo það ætti að vera leikur einn," segir Ingibjörg Möller. „Þá höfum við heyrt að fullorðna fólkinu komi oft á óvart hvað börnin kunna en líka hvaða orð og orðasambönd þau hafa ekki á valdi sínu."

Umbrot og hönnun spilsins var í höndum grafíska hönnuðarins Inga Freys Atlasonar og arkitektsins Fríðu Sigurðardóttur.

■ vera@365.is



**FRÓÐLEGT OG SKEMMTILEGT SPIL** Ingibjörg Möller (til vinstri) segir það oft koma fullorðnum á óvart hvað börnin kunna en líka hvaða orð og orðasambönd þau hafa ekki á valdi sínu. Hér er hún með Fríðu Sigurðardóttur og Ingibjörgu Símonardóttur.
MYND/GVA

**ORÐABELGUR**
***Spilið fæst í Spilavinum, bókaverslunum og Hagkaupum. Nánar á Facebook.***

# HEIMILISKÖTTUR Á RJÚPNAVEIÐUM

*Læðan Edda fer ekki eftir því hvort bann sé á veiðum eða sérstakir veiðidagar.*

Mér skilst á veiðimönnum hér eystra að rjúpnaveiðin hafi verið frekar dræm í ár. Einnig heyrði ég menn kvarta undan því hversu leiðinlegt verk það væri að reyta þennan fiðurfénað. Ég fæ hins vegar rjúpurnar vel reyttar heim í hlað, tilbúnar til steikingar, og hef ekki hleypt af einu einasta skoti," segir Hólmfríður Lúðvíksdóttir hlæjandi þegar Fólk slær á þráðinn til hennar austur í Borgarfjörð, en frést hafði að kötturinn hennar, Edda, væri jafnvel að draga heim í jólamatinn.

Edda er af norsku skógarkattakyni og mikil veiðikló. Hólmfríður segir þó rjúpnaveiðarnar geta talist umdeildar, þar sem þær fóru fram rétt utan veiðitímabilsins. „Kettir eru gáfuð dýr en því miður hefur mér ekki enn tekist að kenna Eddu á almanakið. Hún misreiknaði sig örlítið og færði mér fenginn helst til snemma. Sem betur fer á ég góðan frystiskáp til matvælageymslu," segir Hólmfríður í glettnum tón. Hún er þó ekki viss um að rjúpurnar rati á jólaborðið, venjulega sé hamborgarhryggur á borðum á jólum.

„Ég get ekki ætlast til að kisan mín færi mér svín heim í hlað. Ætli ég neyðist ekki til að kaupa jólahamborgarhrygginn í Nettó. Edda fær síðan uppáhaldsmatinn sinn á jólunum, rækjur í eigin safa, íslenskan Gouda-ost og þeyttan rjóma í eftirrétt."



**VEIÐIKLÓ** Edda er af norsku skógarkattakyni og veiddi rjúpur handa húsmóðurinni.
MYND/ÚR EINKASAFNI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Nýtt hlutafé til að gera nýja sjónvarpsþætti:

# Latibær tapaði 326 milljónum í fyrra

Latibær ehf. tapaði 2,6 milljónum dala á árinu 2011, eða 326 milljónum króna á gengi dagsins í dag. Félagið hafði skilað 767 þúsund dala, 96 milljóna króna, hagnaði árið áður. Fjölmiðlarisinn Turner Broadcasting System keypti allt hlutafé í Latabæ í september í fyrra. Þetta kemur fram í ársreikningi Latabæjar sem nýverið var skilað inn til fyrirtækjaskráar.



**AÐAL** Magnús Scheving leikur íþróttaálfinn í Latabæjarþáttunum og er framkvæmdastjóri félagsins.

Latibær ehf. er félag utan um þá starfsemi sem tilheyrir Latabæjar-vörumerkinu. Samstæðan framleiðir meðal annars samnefnda sjónvarpsþætti með stofnanda félagsins, Magnúsi Scheving, í aðalhlutverki íþróttaálfs. Magnús er auk þess framkvæmdastjóri Latabæjar.

Í reikningnum kemur fram að eignir Latabæjar hafi verið metnar á 15,2 milljónir dala, 1,9 milljarða króna. Tæplega 80 prósent eigna félagsins eru óefnislegar. Skuldir Latabæjar voru 7,5 milljónir dala í lok síðasta árs, um 940 milljónir króna.

Hlutafé félagsins var aukið um 912 milljónir króna fyrr á þessu ári. Það fé á að nota til að framleiða nýja Latabæjar-sjónvarpsþætti. **- þsj**

Samningsviðræður um eitt lífeyrissjóðskerfi:

# Samráð engu skilað

Ekkert hefur þokast í samningsviðræðum stjórnvalda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna um stórtækar breytingar á lífeyriskerfi þeirra, samkvæmt heimildum Markaðarins. Samráðsnefnd aðilanna hefur ekki fundað frá því snemma í október.

Tillögur, sem meðal annars fela í sér hækkun á eftirlaunaaldri opinberra starfsmanna úr 65 árum í 67 ár, liggja fyrir í nefndinni. Samkvæmt þeim á að verða til eitt lífeyrissjóðakerfi í landinu í stað tveggja líkt og nú er. Vandamálið er að iðgjald sjóðsfélaga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) dugar ekki til greiðslu á skuldbindingum. Stéttarfélögin neita að semja nema þær greiðslur séu tryggðar. Þegar svo háttar á launagreiðandinn, ríkið, að hækka framlag sitt til lífeyrissjóðsgreiðslna til að laga þessa stöðu. Á mánudag sendi fjárlaganefnd erindi til fjármálaráðuneytis þar sem því var gefið til loka desember til að skila greinargerð um hvernig ráðuneytið ætli að vinna úr vanda LSR. **- þsj**



**RÁÐHERRA** Fjármálaráðuneytið þarf að skila fjárlaganefnd greinargerð um málið fyrir lok árs. Katrín Júlíusdóttir er fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Markaðsmisnotkun með FL-bréf rannsökuð

**Meint markaðsmisnotkun VBS með bréf í FL Group er til rannsóknar hjá FME. VBS tapaði 2,2 milljörðum á fléttunni og höfðaði einkamál til að sækja féð. Samið var um lyktir þess í lok nóvember. VBS fær greitt í samræmi við nauðasamning.**

**SAKAMÁL**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Meint markaðsmisnotkun VBS fjárfestingabanka, Stoða (áður FL Group) og Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) með hlutabréf í FL Group í byrjun árs 2008 er til rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) eftir að slitastjórn VBS vísaði málinu þangað. Hún höfðaði einnig einkamál á hendur Stoðum og TM vegna málsins. Þingfesta átti það mál 27. nóvember síðastliðinn en áður en af því varð var samið um lyktir þess.

Málavextir eru þeir að í upphafi ársins 2008 gerðu þeir Jón Þórisson, þáverandi forstjóri VBS, og Jón Ásgeir Jóhannesson, þá stjórnarformaður og aðaleigandi FL Group, með sér samkomulag um að FL Group myndi leggja inn í VBS peningamarkaðsinnlán sem síðan átti að nota til að kaupa hlutabréf í FL Group. Í lok janúar og í byrjun febrúar 2008 lagði FL Group síðan inn 1,5 milljarða króna í formi peningamarkaðsinnlána. Síðar var dótturfélag þess, TM, látið taka við fjármögnuninni. Alls lagði TM inn í VBS rúma 2,3 milljarða króna í peningamarkaðsinnlánum í febrúar 2008. Hluti var notaður til að endurgreiða FL Group og afgangurinn að mestu notaður til að kaupa enn fleiri bréf í Stoðum. Skrifað var undir skaðleysisyfirlýsingu vegna þessa. Í henni fólst að FL Group myndi verja VBS fyrir öllu mögulegu tapi vegna viðskiptanna. Forsvarsmenn TM hafa ávallt neitað því að hafa vitað að peningamarkaðsinnlánin hafi verið notuð með þeim hætti sem þau voru. Áður en VBS fór í þrot endurgreiddi bankinn TM lánin með eignum. Slitastjórn VBS hefur höfðað riftunarmál vegna þeirra gjörninga.

Samkvæmt gögnum sem Markaðurinn er með undir höndum gengu viðskiptin þannig fyrir sig að tveir miðlarar VBS sáu um hlutabréfakaupin og var tilgangurinn sá að reyna að halda gengi FL Group, sem þá stóð hóllum fæti, yfir tíu krónum á hlut. Það tókst ekki til lengdar. Í lok júlí 2008 keypti Styrkur Invest, dótturfélag Baugs, öll hlutabréfin í FL Group sem VBS hafði keypt fyrir peningamarkaðsinnlán TM. Markaðsvirði þeirra var þá um 1,4 milljarðar króna og ljóst að mikið tap hafði myndast á viðskiptunum. Kaupin voru bæði gerð með lánsfé frá VBS. Bæði Baugur og Styrkur urðu síðan gjaldþrota árið 2009 og efndu því ekki gerða samninga. VBS tapaði þess vegna 2,2 milljörðum króna á þátttöku sinni í fléttunni og þess vegna ákvað slitastjórn VBS að stefna Stoðum og TM.

Heimildir Fréttablaðsins herma að málið hafi auk þess verið sent til FME til rannsóknar þar sem slitastjórninni þyki ljóst að forsvarsmenn þeirra aðila sem komu að fléttunni hafi gerst sekir um saknæma og ólögmæta háttsemi þegar þeir reyndu að hafa áhrif á verð hlutabréfa á markaði með þeim hætti sem að ofan er lýst.

## SÖMDU VIÐ VBS OG SELDU TM

Daginn áður en Stoðum og TM var stefnt af VBS var tilkynnt um að kaup hóps lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta á 60 prósenta eignarhlut í TM fyrir 6,7 milljarða króna hefðu gengið í gegn. Seljandinn var Stoðir, sem á enn um 40 prósenta hlut. Stefnt er að skráningu TM á hlutabréfamarkað á fyrri hluta næsta árs.

Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða, sagðist í samtali við Markaðinn ekki geta tjáð sig neitt um málið sökum trúnaðar. Heimildir Markaðarins herma þó að Stoðir hafi samþykkt að greiða VBS í samræmi við ákvæði nauðasamnings félagsins. Það þýðir að VBS fær fimm prósent af kröfu sinni, sem nam um 2,3 milljörðum króna. Það gera um 115 milljónir króna.



**TM** Tryggingamiðstöðin lagði peningamarkaðsinnlán inn í VBS og þau voru notuð til að kaupa hlutabréf í FL Group, sem var eigandi tryggingafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EOL


# Tækifæri á vaxandi markaði

**Úrvalsbréf** – Eignaskipting miðað við 30.11.2012.




**Úrvalsbréf** fjárfesta aðallega í hlutabréfum og leggja áherslu á góða eignadreifingu. Nú er tækifæri til fjárfestinga í atvinnulífinu.

**Fyrirvari:** Úrvalsbréf eru fjárfestingasjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð veitir ekki endilega vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu sjóðsins og í útdrætti úr henni á landsbref.is og landsbankinn.is.

**Velkomin í næsta útibú** eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

LANDSBRÉF

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ætlaðar endurheimtir margfaldast

***Kröfur á Glitni hafa nífaldast í verði á 4 árum. Seðlabankinn keypti ekki kröfur á eftirmarkaði enda lagaleg óvissa um hvort hann megi það.***

**BANKAR/FRÉTTASKÝRING**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Ætlaðar endurheimtir kröfuhafa Glitnis hafa nífaldast frá því í nóvember 2008. Hjá Landsbankanum hafa þær fimmfaldast og hjá Kaupþingi hafa þær tæplega fjórfaldast.

Þetta kemur fram í svari Seðlabanka Íslands við ýmsum spurningum nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um stöðu útgreiðslna til kröfuhafa fallinna banka og fyrirhugaða nauðasamninga þeirra. Svörin voru afhent 21. nóvember síðastliðinn.

Þeir aðilar sem keypt hafa kröfur á bankana þrjá á eftirmarkaði hafa því margfaldað virði krafna sinna.

**ALDREI KEYPT KRÖFUR**

Í svörum Seðlabankans, sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri skrifar undir, segir að Seðlabankinn hafi aldrei keypt kröfur á fallin fjármálafyrirtæki á svokölluðum eftirmarkaði, enda sé ekki „ljóst hvort lagaheimildir séu til þess“. Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ), dótturfélags hans, heldur hins vegar á miklu magni krafna í bú bankanna vegna veðlánaviðskipta sem hann stundaði, sem veitandi lausafjárfyrirgreiðslu, af miklum móð við föllnu bankana fyrir hrun. Hann er til dæmis á meðal tíu stærstu kröfuhafa Glitnis í gegnum þrotabú Sparisjóðabankans, sem var umsvifamikill í veðlánaviðskiptunum. Í lok árs 2011 voru eignir ESÍ metnar á 340,3 milljarða króna, sem var um 21 prósent af heildarefnahag Seðlabankans á þeim tíma. Því er um mikil verðmæti er að ræða.

Seðlabankinn var einnig spurður hvort hann vissi á hvaða verði kröfur á gömlu bankana voru keyptar og um hvaða upphæðir væri að ræða. Í svari hans segir að hann hafi ekki upplýsingar um á hvaða verði og í hvaða magni kröfur hafi verið keyptar. Þó megi gera ráð fyrir að kröfur hafi í sumum tilvikum margsinnis gengið kaupum og sölum. Vitað sé að viðskiptabankar séu á meðal kröfuhafa og að hlutur „svokallaðra vogunarsjóða hefur farið vaxandi“.

**ENDURHEIMTIR MARGFALDAST**

Síðan segir að „til hliðsjónar má þó geta þess að þegar skuldatryggingar á íslensku bankana voru gerðar upp í nóvember 2008 voru endurheimtur ótryggðra kröfuhafa afar lágt metnar (1,25% í Landsbanka Íslands, 3% í Glitni og 6,625% í Kaupþingi). Frá þeim tíma hafa verið samfelld viðskipti með kröfurnar og í dag er verð þeirra u.þ.b. 6,25% hjá Landsbanka, 27% hjá Glitni og 25,5% hjá Kaupþingi“. Samkvæmt þessu hefur virði krafna á bankana margfaldast á undanförnum árum.



**SEÐLABANKINN** Már Guðmundsson seðlabankastjóri skrifaði undir svörin við spurningum nefndarmannanna fyrir hönd bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Glitnir** | **3,0%** | ➜ | **27,0%** |
| **Landsbanki** | **1,25%** | ➜ | **6,25%** |
| **Kaupþing** | **6,625%** | ➜ | **25,5%** |

## EINN SJÓÐUR LANGSTÆRSTUR

Fréttablaðið greindi frá því síðastliðinn föstudag að um 30 vogunarsjóðir og aðrir fjárfestingasjóðir ættu um helming allra krafna á Glitni. Verði nauðasamningur bankans samþykktur og kláraður munu þeir eiga meirihluta í eignastýringarfélaginu sem stofnað verður á grunni hins fallna banka. Mikil samþjöppun hefur átt sér stað í eignarhaldi á kröfum á Glitni á síðustu tveimur árum.

Langstærsti einstaki kröfuhafinn er Burlington Loan Management, írskt skúffufyrirtæki sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner. Alls á Burlington 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna sjóðsins er 191 milljarður króna. Sjóðurinn hefur bætt duglega við sig á síðustu tveimur árum. Um mitt ár 2010 átti hann 5,6 prósent allra krafna á Glitni, samtals upp á 142 milljarða króna. Gera má ráð fyrir að væntar endurheimtir þeirra krafna hafi vaxið duglega á sama tíma.

Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, á meðal stærstu eigenda Klakka og á hluti í Bakkavör. Auk þess eiga sjóðir í eigu Davidson Kempner kröfur á Landsbankann og eru á meðal stærstu eigenda Straums.

MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



ENNEMM / SÍA / NM55673

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.950.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l / 100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Ef þig langar að prófa Discovery skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 525 8000 eða koma við og skreppa í reynsluakstur.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ATHUGIÐ!
Tryggðu þér nýjan DISCOVERY 4 fyrir breytingar á vörugjöldum þann 1. jan. nk

B|L
BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000




# HORFÐU Á ÞÁTTINN 7. DES

## SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

**HÉR FÆRÐU RAUÐU NEFIN:**
Hagkaup, Bónus, MP banki,
Te og Kaffi, Domino's.

**www.unicef.is**




Þessi auglýsing er kostuð af:
VALITOR mpbanki

www.baddydesign.com

*Hin hliðin*



HULDA BJARNADÓTTIR

# Jón eða séra Jón

Fyrir skömmu var lagt fram frumvarp sem miðar að því að banna alfarið íslenskar áfengisauglýsingar. Tilgangurinn er að vernda heilsu landans. Hversu sanngjarnt er það fyrir hinn íslenska framleiðanda að mega setja pening í löglega íslenska framleiðslu, sem framleidd er undir íslenskri löggjöf og virku íslensku eftirliti, en að mega ekki koma henni á framfæri? Tvískinnungur gæti mögulega verið heiti á þeirri stöðu sem er komin upp.

Ef heilsa landans er höfð að leiðarljósi þarf þá ekki að banna sælgætis-, gos- og bílaauglýsingar svo eitthvað sé nefnt? Þar skapast vissulega hætta af óbeinni mengun eða jafnvel hætta á varanlegum skaða og sjúkdómum til framtíðar litið. Og hversu raunhæft er að framfylgja boðum og bönnum sem við búum við? Er forræðishyggjunni engin takmörk sett? Og hversu raunhæft er að fara fram með þessum hætti?

### Auglýsingar á fótboltabúningum

Þær áfengisauglýsingar sem ég verð vör við eru fyrst og fremst erlendar og birtast þær á innfluttum fótboltabúningum fyrir börn, á fótboltakappleikjum sem iðulega rúlla á skjánum um helgar hjá bóndanum og þegar ég kaupi mér erlend tímarit sem eru ætluð hinum ýmsu markhópum. Þau kaupi ég hérlendis sem erlendis. Því þyrfti löggjafinn að ganga svo miklu lengra til að tryggja að neytandinn verði aldrei var við áfengisauglýsingar og til að tryggja sanngjarna nálgun.

Það mætti til dæmis banna íþróttaútsendingarnar, banna innflutta neytendavöru sem er merkt áfengisvörumerki og svo mætti skella Internetinu í lás. Þá reyndar væri ríkisstjórnin búin að slá tvær flugur í einu höggi þar sem það á líka að fara að leggja fram frumvarp sem bannar erlend happdrætti á Netinu. Það þarf þó ekki nema að labba út á næsta götuhorn til að spila fjárhættuspil og ágóðinn rennur til háskólans og ýmissa samtaka hérlendis svo sem SÁÁ og Rauða krossins. Tvískinnungur enn og aftur? Eða kannski er eðlilegt að framkvæmd og forvörn sé sinnt á sitthvorum endanum.

### Áhrif á val vörumerkis

Neytandinn mun halda áfram að velja sér þá vöru sem er sýnilegust en að öðru leyti mun hann haga sér eins samkvæmt rannsóknum, þar sem áfengisauglýsingar hvorki auka né minnka áfengisneyslu. Þær hafa áhrif á val vörumerkis hverju sinni. Hvers á þá íslenski iðnaðurinn að gjalda ef hann má ekki auglýsa en bara hinir? Ef við segjum að Jón sé hinn íslenski framleiðandi en séra Jón erlendi áfengisrisinn sem keppir á alþjóðamarkaði þá er augljóst á hvorn Jóninn mun halla í þessum efnum.









Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206. orb.123.is

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Ekkert erótískt. sími 6599277.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald



Hvolpar til sölu. 3/4 rottweiler og 1/4 shar pei, tveir strákar eftir, þeir eru blíðir og góðir. Peir eru í þremur brúnum litum og verða stórir og flottir. uppl í síma 8621777

## Húsnæði í boði

leiguíbúðir

**TIL LEIGU**
Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir miðsvæðis. Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar hjá kristjan@leiguibudir.is

Til leigu 3 herb. risíbúð á melunum. Laus 1. janúar. Húsgögn geta fylgt. Leiga 180. þús. + rafm. Uppl. hagatorg@gmail.com.

Herbergi til leigu í Kóp. V. 40 þús, 2 mán ffr. Laus strax. Uppl. í s. 868 7283.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE**
**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**frá kl. 10-20.**
**www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

**3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST**
Óska eftir 3ja herbergja íbúð eða stórri 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsv. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 3271

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.
**orlofshus.is Leó 897 5300**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 - 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 27 11 1038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Atvinna í boði

Markaðs og þróunarst. í ferðaþj. Leitum af skapandi og sjálfst. einstakl. s. 696 9696

Sakebarinn óskar eftir áhugasömu fólki um matar og sushigerð, reynsla vel þegin Áhugasamir sendið póst á glennmoyle@gmail.com eða fyllið út umsókn á staðnum Laugavegi 2, 2 hæð.

Verslunin Kvosin, Ingólfstorgi, óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund. Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@kvosin.is

Óskum eftir starfskrafti á skrifstofu í 20-30% starf. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „skrifstofa"

**PERNUR / HLUTASTARF**
Íbúðar hótel í miðbæ reykjavíkur óskar eftir þernum í hlutastarf um er að ræða dagvinnu og/eða helgarvinnu sem gæti hentað skólafólki. Áhugasamir sendið uppl. á netfangið unnur@apartmentk.is

## Ýmislegt

Ég leita að félaga í alþjóðleg viðskipti. Góðar tekjur. S. 696 7346.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynl.sögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

## útboð

**Veiðifélag Norðurár**
**Borgum**
**311 Borgarnes**

# Útboð

Veiðifélag Norðurár óskar hér með eftir tilboðum í lax- og silungsveiði á veiðisvæði félagsins fyrir árin 2014 til 2018, að báðum árum meðtöldum, samkvæmt sérstökum útboðsskilmálum og gögnum.

Útboðsgögn eru hjá umsjónarmanni útboðsins, Karli Axelssyni hrl., LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, og verða þau afhent gegn greiðslu kr. 30.000.

Nánari upplýsinga og/eða frekari skýringar má leita hjá formanni Veiðifélags Norðurár, Birnu G. Konráðsdóttur, Borgum, 311 Borgarnes, í síma 864-5404.

Skila skal tilboðum til skrifstofu LEX í síðasta lagi klukkan 16:00 þann 20. janúar 2013.

Tilboð sem borist hafa innan þess frests verða opnuð þann sama dag samtímis kl. 16:30 á skrifstofu LEX í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Stjórn Veiðifélags Norðurár.

## tilkynningar

LANDSNET

**Kröflulína 3**

## Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Landsnet hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna Kröflulínu 3. Um er að ræða nýja 220 kV háspennulínu frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta og auka þannig öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Framkvæmdin er einnig mikilvægur hlekkur í styrkingu byggðalínunnar sem er hryggjarstykkið í flutningskerfinu á landinu í heild.

**Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 5. til 19. desember 2012.**

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Landsnet hefur hafið vinnu við matið. Drög að tillögu að matsáætlun er nú birt til kynningar á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is, og á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Ólafs Árnasonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið olafur.arnason@efla.is frá 5. til 19. desember. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Kröflulína 3 220 kV. Drög að tillögu að matsáætlun" og senda til Ólafs Árnasonar, EFLA Verkfræðistofa, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík.

Landsnet - Gylfaflöt 9 - 112 Reykjavík - Sími 563 9300
landsnet@landsnet.is - www.landsnet.is

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is

# LAUGAVEGUR 12
# FRÚ BERGLAUG

Höfum fengið til sölumeðferðar veitingahús á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Frú Berglaug er á horni Laugavegs og Bergstaðarstrætis beint á móti Asiu og við hliðina á Kaffibarnum. Fallegur matsölustaður á tveimur hæðum innréttaður í gamla stílnum og er allur nýuppgerður.
Langur leigusamningur í boði. - Frábært tækifæri í veitingarekstri

Nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, gtj@fastmark.is





Frú Berglaug



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**BENEDIKT GUÐMUNDSSON**
**Rjúpnasölum 10, Kópavogi,**

lést sunnudaginn 2. desember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. desember. kl. 15.00.

**Bergdís Ottósdóttir**
**Helga Jóna Benediktsdóttir Guðmundur Björgvin Helgason**
**Margrét Benediktsdóttir**
**Benedikt Haukur Guðmundsson**
**Jóhannes Hrafn Guðmundsson**
**Hjalti Stefánsson**



Okkar ástkæra

**GERÐA R. JÓNSDÓTTIR**
**Hvassaleiti 147, 103 Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 2. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju 10. desember kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Sveinn B. Hálfdánarson**
**Hjalti Jón Sveinsson Soffía Lárusdóttir**
**Óttar Sveinsson Alda Gunnlaugsdóttir**
**Hanna Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, dóttir okkar, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**BERGRÚN JÓHANNA BORGFJÖRÐ**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 4. desember. Jarðarförin fer fram frá Bakkagerðiskirkju, Borgarfirði eystra þriðjudaginn 11. desember kl .14.00. Minningarathöfn fer fram í Þorlákskirkju, Þorlákshöfn föstudaginn 7. desember kl. 11. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki kvennadeildar Landspítalans fyrir alúð og umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líf, styrktarfélag.

**Ásgeir Arngrímsson**
**Anna Guðný Jóhannsdóttir Áskell Bjarnason**
**Arngrímur Viðar Ásgeirsson Þórey Sigurðardóttir**
**Áskell Heiðar Ásgeirsson Vala Bára Valsdóttir**
**Guðmundur Magni Ásgeirsson Eyrún Huld Haraldsdóttir**
**Aldís Fjóla Borgfjörð Ásgeirsdóttir Daníel Már Sigurðsson**
**barnabörn og bræður.**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**JÓNÍNU SIGURLÍNU JÓNSDÓTTUR**
**frá Skálanesi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fyrir kærleiksríka umönnun.

**Árni Rúnar Kristjánsson Brynja Fríða Garðarsdóttir**
**Jón Ingi Kristjánsson Jóna Sigríður Gestsdóttir**
**Þórunn Kristjánsdóttir Jóhann Helgi Helgason**
**Snædís Gíslín Heiðarsdóttir Ragnar Ólafur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla



Sverrir Einarsson

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**



**ÞEKKIR MAKAMISSI AF EIGIN RAUN** „Ég missti minn mann eftir langvarandi gott samband og sorgin er djúp og söknuðurinn mikill," segir Guðfinna Eydal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sorgin er alltaf flókin

Bókin Makalaust líf sem er nýkomin út hjá Sögum fjallar um ástina og sorgina sem fylgir missi maka. Einnig úrvinnslu tilfinninga og uppbyggingu eftir slíkt áfall. Guðfinna Eydal sálfræðingur, einn af höfundum bókarinnar, missti sinn mann fyrir þremur árum.

„Bókin skiptist í nokkra hluta. Það er gert á meðvitaðan hátt til að setja fólk inn í víðtækt efni hennar," segir Guðfinna Eydal, sem skrifar bókina Makalaust líf ásamt þeim Önnu Ingólfsdóttur og Jónu Hrönn Bolladóttur. Fyrsti kaflinn er um ástina og sorgina og um breytingarnar sem verða á lífinu þegar makinn er ekki lengur til staðar. Einnig er farið markvisst inn á hvernig fólk getur lært á sorgina og haft samkennd með sjálfu sér. Bókinni fylgir geisladiskur sem hjálpar fólki að kveðja makann og öðlast ró.

Einn kafli bókarinnar fjallar um flókinn makamissi. Hvernig útskýrir Guðfinna hann? „Þar nefnum við ýmislegt, svo sem þegar eftirlifandi maki kemst að einhverju misjöfnu um maka sinn skömmu fyrir andlát hans eða rétt á eftir. Það getur tengst framhjáhaldi eða fjárhagsóreiðu og einnig getur eftirlifandi maki lent í flóknum erfðamálum við stjúpbörn. Ef miklir erfiðleikar hafa verið í sambandinu verður úrvinnsla tilfinninganna líka flókin og erfið. Við tökum dæmi í bókinni um svona tilvik sem öll eru þó tilbúin."

Svo er talað um læsta sorg. „Öll sorg er flókin en stundum læsist fólk í henni og þá er vanlíðanin svo yfirþyrmandi og langvinn að hún hindrar makann í að viðurkenna missinn og lifa eðlilegu lífi," útskýrir Guðfinna. „Það gerist líka í sársaukafullum skilnuðum, fólk getur fest árum saman í sorg og biturleika eftir þá. Slíkt hefur alvarleg áhrif á lífsgæði þess."

Guðfinna þekkir makamissi af eigin raun. Eiginmaður hennar til 42 ára varð bráðkvaddur fyrir þremur árum, rétt fyrir jólin.

„Ég hefði aldrei verið með í að skrifa þessa bók nema af því að ég hef lent í þessu ferli sjálf, þó auðvitað sé ég mikið að fjalla um rannsóknir og það sem vitað er um viðbrögð fólks við makamissi.

Nú þekki ég þetta og finnst rannsóknirnar standa. Þó að sorgin fylgi manni alltaf og örin standi eftir þá er spurningin um hvernig manni tekst að halda áfram.

Ég missti minn mann eftir langvarandi gott samband og sorgin er djúp og söknuðurinn mikill. Það eru eðlileg viðbrögð. Þó getur verið enn erfiðara að takast á við sorg eftir togstreitufullt samband því tilfinningarnar verða þá svo flóknar."

gun@frettabladid.is



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR ÁRNA JÓHANNESDÓTTIR**
**Dvergholti 15, Hafnarfirði,**

andaðist á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 20. nóvember. Útförin hefur farið fram.

**Sigurður Þór Sigurðsson**
**Kristín Kjartansdóttir**
**Kjartan Sigurðsson María Sverrisdóttir**
**Sigurður B. Sigurðsson Kristín Þ. Guðmundsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð, vinsemd og virðingu við andlát og útför okkar hjartkæru

**JÓNBJARGAR SESSELJU EYJÓLFSDÓTTUR.**

Sérstakar alúðarþakkir fær starfsfólk Einihlíðar og annað starfsfólk dvalarheimilisins Hlíðar fyrir einstaka umhyggju.

**Þuríður Sigurðardóttir Víkingur Daníelsson**
**Anna Sigurðardóttir Guðmundur Eiríksson**
**Sigríður Sigurðardóttir Friðjón Ingi Jóhannsson**
**Páll Sigurðsson Sigrún Bjarnadóttir**
**Sigþrúður Sigurðardóttir Magni Þórarinn Ragnarsson**
**Hannes Sigurðsson Hildur Stefánsdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir Davíð Jens Hallgrímsson**
**börn og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA HELGA DANÍELSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 7, Reykjavík,**

lést á líknardeildinni í Kópavogi þann 29. nóvember sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. desember kl. 11.00. Þökkum auðsýnda samúð.

**Jóhannes Már Gunnarsson Óskar Þór Óskarsson**
**Jens Daníel Holm**
**Jónína Daníella Holm Vignir Bergmann**
**Örn Sævar Holm Bryndís Knútsdóttir**
**Unnur Agnes Holm Vikar Freyr Oddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

markhonnun.is

TILBOÐIÐ GILDIR **FRÁ MIÐNÆTTI Í KVÖLD TIL KL. 02, 6.DES** AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD!
EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

nettó mjódd
lágt verð dag & nótt




**MIÐNÆTURVERÐSPRENGJA**

**-50%**
afsláttur við kassa



**Kuldi eftir Yrsu Sigurðardóttur**

Sjálfstæður tryllir í anda verðlaunabókarinnar *Ég man þig*. Þegar ungur maður fer að rannsaka upptökuheimili fyrir unglinga á áttunda áratug liðinnar aldar taka undarlegir atburðir að skekja tilveru hans og dóttur hans. En hvort eiga þeir rætur sínar að rekja til hörmunga sem dundu yfir unglingaheimilið eða til sviplegs fráfalls barnsmóður hans hálfu ári fyrr?

~~4.219 KR~~

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. íþrótt, 6. í röð, 8. síðasti dagur, 9. loft, 11. hætta, 12. harmur, 14. ráðagerð, 16. borðaði, 17. gerast, 18. stykki, 20. tveir, 21. þökk.

**LÓÐRÉTT**
1. lítið, 3. einnig, 4. fugl, 5. af, 7. barningur, 10. dorma, 13. sódi, 15. viðbót, 16. hylli, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. golf, 6. áb, 8. gær, 9. gas, 11. vá, 12. tregi, 14. áform, 16. át, 17. ske, 18. stk, 20. ii, 21. takk.
**LÓÐRÉTT:** 1. lágt, 3. og, 4. lævirki, 5. frá, 7. barátta, 10. sef, 13. gos, 15. meir, 16. ást, 19. kk.






# Mín innri bóndakona

**BAKPANKAR**
Charlotte Böving



Um daginn var ég í jóga. Ég nýt þess – mér finnst raunar að jóga ætti að vera fastur liður í leikskólum og skólum og á vinnustöðum: Byrjið daginn á 30 mínútna jóga; smá styrkur, smá teygjur, smá hugleiðsla. Þ.e.a.s. komast í samband við líkama og sál. Ég á mér uppáhaldsjógakennara. Hún er fagmaður fram í fingurgóma, en hún er líka skemmtileg og segir það sem henni liggur á hjarta. Stundum segir hún hluti sem eru ekki pólitískt kórréttir og kemur mér til að hlæja. Stundum segir hún hluti sem ögra. Um daginn ögraði hún mér. Hún sagði:

**VERTU** gyðjan sem þú ert. Réttu úr þér og vertu falleg. Hleyptu gyðjunni innra með þér út. Flestar konur myndu sjálfsagt taka þessu sem jákvæðri hvatningu, vegna þess að í jógaheiminum tengjast gyðjur því að vera í kvenleika sínum, vera vitur, hlusta á innsæi sitt, hafa meiri orku og ástríðu. Hver vill ekki vera þar? En ég bara gat ekki tekið skilaboðin inn.
Það eru til gyðju-ilmvötn, gyðju-snyrtistofur, alls konar gyðju-námskeið, m.a. námskeið þar sem þú átt að öðlast gyðju-líkama á 28 dögum. Myndir af slíku eru af vöðvastæltum módelum með flata maga. Í Danmörku er meira að segja til gyðju-skóli, þar sem þú lærir að verða alveg einstök og gyðjuleg. Mig langar ekki að fara í svoleiðis skóla.

**Í GRÍSKRI** og norrænni goðafræði þjóna gyðjur tilgangi og falla ekki undir kristilega heimssýn okkar á skýr mörk milli góðs og ills. Um Artemis stendur: Hún er í senn góð og miskunnsöm og harðbrjósta og ströng. Um Freyju stendur: Auk ástar og frjósemi tengdist hún dauða, stríði, göldrum, spádómum og ríkidæmi.

**KANNSKI** langar mig bara ekki að vera gyðja. Kannski langar mig heldur að taka því rólega og lalla um: Lítil og búttuð, aðeins hokin í flatbotna skóm og lopasokkum. Og einbeita mér að verkefnum dagsins, ekki útgeislun minni.
Kannski ætti ég að sleppa innri bóndakonunni í mér lausri! Hún þarf ekki að geisla af bjartri kvenorku, vegna þess að hún þarf ekki að selja sjálfa sig og láta taka eftir sér, heldur bara vera hún sjálf, með öllu sem það felur í sér af andstæðum: Stór – lítil, feit – mjó, grá – geislandi, rigningarsöm eða glampandi eins og sólin, horfandi út yfir sjóndeildarhringinn eða ofan í jörðina.

**MÍN** innri bóndakona er – kannski ekki svo ólík upprunalegu norrænu eða grísku gyðjunum – rík af andstæðum.






## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







NJÓTTU JÓLANNA Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR

skemmtilegri

# FIMM FRÁBÆRAR STÖÐVAR Í EINNI ÁSKRIFT

**STÖÐ 2 KRAKKAR, STÖÐ 2 GULL, STÖÐ 2 BÍÓ OG POPPTÍVÍ FYLGJA FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2**

## GREY'S ANATOMY ER Á STÖÐ 2 Í KVÖLD




# ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 254 KR. Á DAG

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Mjög troðnir marvaðar mitt í dal Svarfaðar

BÆKUR ★★★★☆

**Hér liggur skáld**
Þórarinn Eldjárn
**VAKA HELGAFELL**





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þorleifs þáttur jarlsskálds hefur orðið Þórarni Eldjárn innblástur til ritunar bókarinnar Hér liggur skáld. Fyrir þau sem ekki bera kennsl á þann Íslendingaþátt skal sagt að hann er nátengdur Svarfdæla sögu og fjallar um Þorleif, sem er bróðir Yngvildar fagurkinnar, einn Ásgeirssona.

Í Svarfdæla sögu er Þorleifur ekki nálægt því jafn eftirminnileg persóna og Yngvildur systir hans, en hlutverk hans er þó ekki lítið, þar sem hann drepur t.d. ódáminn Klaufa í félagi við bróður sinn.

Þorleifur gufar þó hálfvegis upp úr sögunni en skýtur upp kollinum í þætti þeim er við hann er kenndur. Þorleifs þáttur jarlsskálds er örstuttur, en hann hefur Þórarinn nýtt til þess að draga upp helstu atriði bókar sinnar. Hann fyllir svo í göt og eyður af miklu listfengi, m.a. með atburðum Svarfdæla sögu – og vitaskuld eigin óþrjótandi skáldgáfu.

Frásögnin af Hallbirni hala rammar inn söguna, en tvö hundruð árum eftir víg Þorleifs situr sá sauðamaður við haug skáldsins á Þingvöllum og óskar sér þess að verða sjálfur skáld. Hann reynir að yrkja um Þorleif, sem bregst við kallinu, ljóðar á Hallbjörn og gefur honum þannig rödd. Bergmál þessara tveggja skálda má síðan heyra í skáldskap þess þriðja, Þórarins Eldjárn.

Kynngi skáldskaparins er Þórarni skiljanlega hugleikið viðfangsefni í Hér liggur skáld. Sagan af því hvernig Þorleifur hlaut sitt viðurnefni er áhrifamikil og ansi blóðug. Líkt og margir skáldbræður hans fór hann utan að flytja kvæði sín konungi en varð fyrir ógurlegri árás Hákonar Hlaðajarls sem þekktur var fyrir „mannillsku og guðníðingsskap“ og myrti menn Þorleifs á hroðalegan hátt. Kraftakveðskap notar Þorleifur til þess að ná sér niður á þeim arma hundi, en síðar mætir hann sjálfur þeim örlögum sem honum voru ráðin strax í frumbernsku.

Engum manni er betur treystandi til þess en Þórarni Eldjárn að yrkja í orðastað fornra skálda og skrifa af þeim sögur. Textinn er ákaflega vandaður, það er mikill húmor í frásögninni og enn fremur gróteskar lýsingar. Þarna eru firn mikil, iður falla út, hausar fjúka og orðstír sem deyr aldregi. Allt sem prýða má góða Íslendingasögu og ég leyfi mér að fullyrða að sagnanördar munu falla í stafi yfir þessari bók. Og lýkur hér að segja frá henni.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ný Íslendingasaga eftir einn okkar albestu höfunda. Áhrifamikil og blóðug, eins og slíkar sögur eiga að vera.

# Biblía bókaútgefenda útnefnir E. L. James mann ársins

## Menningarrýnar gagnrýna valið og kalla það „endalok siðmenningar“

Bandaríska fagtímaritið Publisher Weekly hefur valið E. L. James, höfund 50 grárra skugga, mann ársins í bókaútgáfu fyrir að ryðja brautina fyrir erótískar bækur.

Publishers Weekly er stundum kallað „biblía bókabransans“ í Bandaríkjunum. Meðal fyrri verðlaunahafa eru Jeff Bezos, stofnandi Amazon, og David Shanks, framkvæmdastjóri útgáfurisans Penguin. Sigurvegarinn í ár sætir tíðindum því þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin falla rithöfundi í té en í umsögn tímaritsins segir að James hafi „mótað og á köflum umbreytt útgáfugeiranum“. Skuggaþríleikur James hefur selst í 35 milljónum eintaka í Bandaríkjunum einum saman.

Ákvörðun Publishers Weekly hefur farið fyrir brjóstið á menningarvitum vestanhafs. „Hvað eru þau að hugsa?“ spurði Los Angeles Times til dæmis á síðum sínum en New York Daily News gengur svo langt að kalla veitingu verðlaunanna til E. L. James „endalok siðmenningar“.




**E. L. JAMES** Mótaði og jafnvel breytti bókaútgáfu á árinu með bók sinni 50 gráir skuggar. NORDICPHOTOS/GETTY

**Sígræna jólatréð**
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

**Frábærir eiginleikar:**

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

**HVOLPA-SPRELL**
Hvati gerir skemmtilegar æfingar með börnunum




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

*„Gerðu eins og ég er vel heppnuð barnabók fyrir yngstu börnin sem krefst þátttöku bæði lesanda og hlustanda.“*
Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*




Elísabet Jónsdóttir og Olga Hrafnsdóttir í Volka, sigurvegarar námskeiðsins 2012.

**Íslandsbanki kynnir fimm vikna námskeið fyrir konur í gerð viðskiptaáætlana**

Íslandsbanki og Félag kvenna í atvinnulífinu standa fyrir námskeiði í gerð viðskiptaáætlana í samstarfi við Opna háskólann í HR.

Í lok námskeiðs geta þátttakendur skilað viðskiptaáætlun til dómnefndar. Fimm eru valdar áfram í nánari ráðgjöf. Sú viðskiptaáætlun sem þykir best fær **2.000.000 kr.** styrk frá Íslandsbanka.

**Kennsla hefst 29. janúar 2013.**

**Skráning og nánari upplýsingar á islandsbanki.is**

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

FKA | OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK | Íslandsbanki

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 05. DESEMBER**

### Sýningar

**17.00** Sýning nemenda í diplómadeildum í mótun, teikningu og textíl opnar í vinnustofum og á verkstæðum skólans í JL húsinu við Hringbraut 121.

### Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.



### Handverkskaffi

**20.00** Síðasta handverkskaffi ársins verður haldið í Gerðubergi. Hildur Sigurðardóttir og Ólöf Birna Garðarsdóttir sýna þrykk á merkimiða og jólakort með gamaldags letterpress-vél. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**12.00** Kammerkórinn Schola cantorum heldur tónleika á Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju. Flutt verður aðventutónlist eftir J.S. Bach, Áskel Jónsson og fleiri.

**20.00** Söngfélagið Góðir grannar heldur jólatónleika í Langholtskirkju. Á efnisskránni eru fjölbreytt jólalög og fjöldasöngur. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Jólatónleikar Borgardætra eru haldnir á Café Rosenberg. Uppselt er í mat en aðgangseyrir er kr. 4.800.

**21.00** Bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir, ásamt hljómsveit Óskars og Ife Tolentonu, halda tónleika á Kaffi Rauðku á Siglufirði.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*









# Gefið í skyn

TÓNLIST ★★★★☆

**Chopin & Liszt**
Halldór Haraldsson
**POLARFONIA CLASSICS**

Halldór Haraldsson píanóleikari hélt upp á 75 ára afmæli sitt fyrr á árinu. Hann á að baki glæstan feril; var skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík um árabil og hefur kennt óteljandi píanóleikurum. Auk þess var hann sjálfur áberandi í tónlistarlífinu, frumflutti m.a. mörg íslensk píanóverk. Án hans hefði íslenskt tónlistarlíf orðið harla fátæklegt.

Nýútkominn geisladiskur með Halldóri er endurútgáfa á plötu sem kom út árið 1986. Á diskinum er þó líka upptaka frá sama ári sem ekki var á plötunni. Svo er þar einnig ný upptaka. Gamla platan var tekin upp af Halldóri Víkingssyni og var ein af fyrstu stafrænu upptökunum á Íslandi. Allar frumtökurnar eru enn til; á diskinum nú er að finna endurvinnslu á þeim. Tökurnar eru endurklipptar með tækni sem ekki var til þá. Diskurinn er því alveg ný útgáfa.

Verkin eru eftir Chopin og Liszt. Þetta eru m.a. Fantaisie-Impromptu og fyrstu þrjú scherzóin eftir þann fyrrnefnda; Funerailles og etýður nr. 10 og 11 eftir hinn síðarnefnda. Spilamennskan er glæsileg, túlkunin er stílhrein, dálítið hófstillt og innhverf, en undir niðri kraumar augljós ástríða. Leikurinn byggist á auðheyrðri þekkingu og vandlegri ígrundun, bæði á formi tónlistarinnar og tilfinningum. Ástríðurnar eru gefnar í skyn, fremur en að þeim sé slengt framan í hlustandann. Útkoman er sérkennileg heiðríkja sem erfitt er að skilgreina almennilega. En hún er þeim mun unaðslegri áheyrnar. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fallega yfirveguð, en einnig tilfinningaþrungin túlkun á Chopin og Liszt.















**SILVER LININGS PLAYBOOK** „Alveg óvænt sannar Bradley Cooper sig sem fantagóður dramatískur leikari og Jennifer Lawrence er frábær að vanda."

# Orkumikil og öðruvísi

BÍÓ ★★★★☆

### Silver Linings Playbook

Leikstjórn: David O. Russell. Leikarar: Bradley Cooper, Jennifer Lawrence, Robert De Niro, Jacki Weaver, Chris Tucker, Anupam Kher, Julia Stiles.

Pat Solitano (Bradley Cooper) þjáist af geðhvarfasýki og er vistaður á stofnun eftir að hafa verið dæmdur fyrir fólskulega líkamsárás. Að afplánun lokinni fær hann að vera í umsjá foreldra sinna, að því gefnu að hann virði nálgunarbann sem á hann var sett. Hann á erfitt með að aðlagast samfélaginu, þverneitar að taka lyfin sín og því er heimilisfriðurinn meira og minna úti. Þegar hann kynnist Tiffany, ungri ekkju sem deilir reynslu hans af geðrænum kvillum, tekur líf hans óvænta stefnu.

Handrit myndarinnar er byggt á samnefndri skáldsögu Matthew Quick frá árinu 2008 og er skrifað af leikstjóranum sjálfum, David O. Russell, en hann er alræmdur fyrir frekju, yfirgang og bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi í garð leikara sem vinna með honum. Engu að síður þykir það eftirsóknarvert að leika í myndunum hans, enda er leikstjórnarstíll hans spennandi og öðruvísi. Höfundareinkenni hans er þessi sérstaka orka, sem sést hvergi annars staðar en í myndunum hans. Það er erfitt að lýsa henni nákvæmlega en persónur í David O. Russell-myndum hegða sér ekki eins og neinar aðrar persónur.

Líkt og í fyrri myndum leikstjórans þá er ferskleikinn á kostnað trúverðugleikans á stöku stað. Þetta eru í sjálfu sér smáatriði, og sumum kann að þykja þau sjarmerandi, en ég tel þó að myndin væri betri án þeirra. Þá er ég að tala um tilgangslausar senur á borð við eltingarleik við hrekkjóttan nágranna og þegar lögregluþjónn á vakt reynir að fiska stefnumót við Tiffany.

Russell nær samt því allra besta úr leikhópnum. Alveg óvænt sannar Bradley Cooper sig sem fantagóður dramatískur leikari og Jennifer Lawrence er frábær að vanda. Þrútinn Chris Tucker lætur sjá sig í litlu hlutverki og er stórskemmtilegur, og með sinni bestu frammistöðu í langan tíma gefur gamla brýnið Robert De Niro þeim langt nef sem töldu hann útbrunninn.

Silver Linings Playbook er hvatvís, ófyrirsjáanleg og öðruvísi, svolítið eins og aðalpersónan og jafnvel leikstjórinn sjálfur, sem ég tel hafa gert sína bestu mynd til þessa.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Gríðarsterk mynd með mikinn karakter.





**NAUT SÍN Á ÍSLANDI Í SUMAR** Þýski fyrirsætuþátturinn þar sem Ísland gegnir lykilhlutverki er frumsýndur í kvöld en ofurfyrirsætan Bar Refaeli er kynnir þáttanna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Íslandsþátturinn í kvöld

Þýski fyrirsætuþátturinn Million Dollar Shooting Star, sem var tekinn upp hér á landi í sumar, verður sýndur á Sat 1-stöðinni í kvöld. Um að ræða sjónvarpsþátt í anda Top Model-raunveruleikaþáttanna en stöðin er aðgengileg á fjölvarpi Símans og Vodafone.

Þættirnir ganga út á að fyrirsæturnar flakka á milli fimm landa í heiminum þar til ein stendur uppi sem sigurvegari og hlýtur eina milljón dollara í verðlaun. Kynnir þáttanna er ísraelska ofurfyrirsætan Bar Refaeli en hún hitti meðal annars Dorrit Moussaieff á meðan hún var hér við tökur. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Refaeli sækir landið heim en hún fylgdi fyrrum kærasta sínum, Leonardo DiCaprio, hingað er hann sat fyrir í myndaþætti fyrir tímaritið Vanity Fair.

Fyrsti þátturinn fór fram í Ísrael og var frumsýndur við metáhorf í Þýskalandi. Það er því þáttur númer tvö þar sem Ísland gegnir lykilhlutverki en þar sitja fyrirsæturnar fyrir í þremur myndaþáttum. Kvikmyndafyrirtækið Republik sá um tökur hér á landi en um 100 manns komu að framleiðslunni. Mikið er látið með náttúru landsins en myndatökur fóru meðal annars fram á Skógasandi, við Geysi og í Þórsmörk.




















**BLÚSINN Í FANGIÐ** „Þekkt minni úr blústónlistinni eru aldrei langt undan á plötunni.“ MYND/JULIA STAPLES

# Einlægur eins og blúsara sæmir

TÓNLIST ★★★★☆

**Skúli mennski ásamt Þungri byrði**
Blúsinn í fangið




Skúli mennski er vestfirskur laga- og textahöfundur sem hefur gert blústónlist að sínum starfsvettvangi. Blúsinn í fangið er önnur breiðskífa Skúla, en á plötunni nýtur hann liðsinnis hljómsveitarinnar Þungrar byrðar. Platan var tekin upp í mötuneyti á Flateyri og var tekin upp „live“, sem er líklega eina leiðin til að gera þessari rótgrónu og einlægu tónlistarstefnu góð skil.

Sem textagerðarmaður er Skúli einnig einlægur, eins og blúsara sæmir. Í fyrsta lagi plötunnar, Brottför, fjallar hann um flutning sinn frá Ísafirði á tregablandinn hátt, eins og sést með línunum „Ég var ekki fyrstur til að fara, mjög margir voru á undan mér / þeim fannst það kannski einfaldara að flýja en að búa hér.“ Í síðasta laginu fjallar hann um heimkomuna (Ég ætla heim) sem er honum mikill léttir, enda dvölin í Reykjavík erfið og einmanaleg.

Þekkt minni úr blústónlistinni eru aldrei langt undan á plötunni. Óendurgoldin ást (Kvenmannsleysi, Þessir kossar), baráttan við Bakkus (Þetta er allt að koma, Dagur drykkjumaður) og almennar predikanir um lífsins gang eru til staðar. Rödd Skúla er hentug til verksins, en rödd hans myndi hæglega sæma bandarískum predikara – eins og vera ber.

Skúli gerir upp bankahrunið (Halelúja, amen) með kímni eins og sést með orðunum „Veisluþjónusta viðskiptalífsins fer frá og við tekur skuldafen / Halelúja, amen.“ Textarnir eru annars innhverfir og fjalla um hans eigin ógæfu, sbr. „Ég stend fyrir ekkert, því ekkert er allt sem ég á“.

Flutningur Þungrar byrðar er hnökralaus, þó gítarhljómurinn sé ef til vill of tær. Blúsinn má vera „skítugri,“ ef svo má að orði komast. Rétt er þó að minnast á undrabarnið Þorleif Gauk Davíðsson munnhörpuleikara sem á sannkallaðan stórleik. **Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Plata sem er vel yfir meðallagi frá mjög frambærilegum blúsara. Blúsaðdáendur ættu að gæða sér á skífunni hið snarasta.

# Bjuggu til athvarf fyrir Erlend

## Bóksalar í Eymundsson Kringlunni suður sigruðu í framstillingarkeppni.

Bóksalar í Eymundsson Kringlunni suður báru sigur úr býtum í framstillingarkeppni sem var haldin í tilefni af útkomu bókarinnar Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason. Þeir fá í sinn hlut gjafabréf upp á eitt hundrað þúsund krónur í Steikhúsinu.

„Þetta kom okkur skemmtilega á óvart því það voru margar flottar uppstillingar,“ segir Helga Gréta Kristjánsdóttir, verslunarstjóri í Eymundsson Kringlunni suður. Aðspurð segir hún að mjög skemmtilegt hafi verið að taka þátt í samkeppninni. „Við ákváðum strax að taka þann pól í hæðina að vera ekki með krimmaþema. Okkur grunaði að það yrði allsráðandi. Í staðinn ákváðum við að búa til smá athvarf fyrir Erlend.“



Spurð hvort mikill tími hafi farið í sigurframstillinguna segir Helga Gréta: „Nei, við erum svo dugleg og snögg. Þetta kom bara einn, tveir og þrír. Við erum vön að handfjatla bækur og getum gert alls konar listaverk úr þeim.“

Dómnefndin var skipuð fagfólki í útgáfu-, markaðs- og sölumálum. Í umsögn þeirra um bestu uppstillinguna sagði: „Frábær sviðsetning sem var bæði fagurfræðilega metnaðarfull og sýndi mikið hugvit og innsæi. Bóksalar í Eymundsson Kringlunni suður gengu lengst í að skapa Erlendarandrúmsloft með hjálp vel valinna leikmuna. Þegar komið var í verslunina leið manni eins og Erlendur hefði setið í stólnum og lagt frá sér kaskeitið og kylfuna um stund. Maður gat næstum fundið fyrir nærveru hans.“ **- fb**



**SIGURFRAMSTILLINGIN** Bóksalar í Eymundsson Kringlunni suður bjuggu til athvarf fyrir Erlend, söguhetju Arnaldar Indriðasonar.





GRIMMSYSTUR
ÆVINTÝRASPÆJARAR
EFTIR MICHAEL BUCKLEY
„Frábær bók til að lesa með börnunum"
New York Times Met-sölubók
fyrir 7-12 ára
Ævintýri eins og þau gerast best
Allir kannast við Grimmsbræður og nú er fyrsta bókin um Grimmsystur fáanleg á íslensku. Systurnar Sabrína og Dagný Grimm komast að því að þær eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Ekki nóg með það heldur eru sögurnar sem við þekkjum sem ævintýri dagsannar heimildir um óknytti ævintýraveranna.
Metsölubækur
KAMILLA VINDMYLLA OG BULLORÐNA FÓLKIÐ
Hilmar Örn Óskarsson
6. sæti yfir mest seldu barna- og unglingabækur*
„frábær húmor ...einstaklega vönduð" Edda Björgvins leikkona
„Bull-fyndin bók" Rökkvi 10 ára
fyrir 7-12 ára
*Metsölulisti Eymundsson vikuna 14.-21. nóv.
Rækilega fyndin og spennandi!
Kamilla og vinir hennar þurfa að kljást við kexvitlausan vísindamann, fluggáfaðan úlf og sína eigin foreldra í þessari þrælfyndnu bók.
RÖKKURHÆÐIR
ÓFRIÐUR
Marta Hlín Magnadóttir
Birgitta Elín Hassell
RÖKKURHÆÐIR
KRISTÓFER
3. sæti yfir mest seldu barna- og unglingabækur*
„Frekar kripi, gat samt ekki hætt að lesa" Daníel 15 ára
„Hryllilega spennandi bækur, mæli með þeim" Eyrún Ósk 10 ára
fyrir 12-16 ára
Vinsælasti íslenski unglingabókaflokkurinn!
Ófriður skekur Rökkurhæðir. Tekst Ingibjörgu og Matthíasi að komast að rótum vandans áður en það er of seint?
ÍBBY Á ÍSLANDI
Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar
Við reynum ekki að vera best í öllu.
Þess vegna gefum við bara út barna- og unglingabækur.
Það er okkar ástríða
BÓKABEITAN
Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími 588 6609
bokabeitan@bokabeitan.is
www.bokabeitan.is

# Veit ekki hvað gerðist



**MARK** Rakel skorar eitt marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** „Ég á ekki orð yfir þennan leik. Vörnin var fín en sóknarleikurinn var arfaslakur og við vorum með hrikalega léleg skot. Við vorum að klúðra dauðafærum og gera of mikið af tæknifeilum. Ég get ekki sett út á neitt í undirbúningnum því allir voru rétt stemmdir og enginn var stressaður. Ég veit ekki hvað gerðist,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir, besti útileikmaður Íslands í gær.

„Við þurfum að spyrna okkur upp frá botninum og girða okkur í brók. Það þýðir ekkert að svekkja sig of mikið á þessu og við verðum bara að fara einbeita okkur strax að leiknum á morgun (í dag),“ sagði Rakel sem skoraði fimm mörk í leiknum. -óój@frettabladid.is



**VONBRIGÐI** Íslensku stelpurnar voru ekki upplitsdjarfar frekar en landsliðsþjálfarinn, Ágúst Jóhannsson, þegar leikur liðsins hrundi í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sáu svart í sókninni

Íslenska kvennalandsliðið fékk tíu marka skell á móti Svartfjallalandi, 16-26, í fyrsta leik sínum á EM í Serbíu í gær. Íslenska liðið hélt sér inni í leiknum á vörn og markvörslu en átti fá svör í seinni hálfleiknum sem tapaðist 16-9.



**Óskar Ó. Jónsson**
skrifar frá Serbíu
ooj@frettabladid.is



**Stefán Karlsson**
stefank@365.is

**HANDBOLTI** Íslensku stelpurnar þurfa að spila miklu betur á EM í Serbíu ætli þær að ná markmiðum sínum og komast áfram. Það viðurkenndu þær allar eftir leikinn og það eina góða við svona slakan leik er að leiðin er nú aðeins upp á við.

„Við þurfum heldur betur að gera betur á morgun. Það eina jákvæða við þetta er að ég veit að við spilum ekki tvo leiki í röð svona illa. Það spila ekki aftur svona margar undir getu,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari.

Jenný Ásmundsdóttir og varnarleikurinn hélt íslenska liðinu inni í leiknum í fyrri hálfleik en lið Svartfjallalands skoraði fimm fyrstu mörk seinni hálfleiks og gekk nánast frá leiknum á átta mínútna upphafskafla hans.

„Við vorum að spila undir getu. Eitt er að tapa á móti frábæru liði og silfurhöfunum frá því á Ólympíuleikunum í sumar en mér fannst stelpurnar ekki vera nógu harðar og hreinlega frekar linar sóknarlega. Við gáfum pínu eftir og bökkuðum á undan baráttunni,“ sagði Ágúst.

Leikmenn Svartfjallalands voru mættar til að hefna fyrir tapið á HM í Brasilíu í fyrra og íslensku stelpurnar voru bara númeri of litlar til að ráða við svona sterkt lið í hefndarhug.

„Þær ætluðu ekki að mæta aftur í fyrsta leik og tapa á móti litla Íslandi. Þær voru mun betri en við og mættu bara tilbúnar til leiks,“ sagði Karen Knútsdóttir.

Það breytir því þó ekki að hrunið í lokin (töpuðu síðustu 14 mínútunum 4-9) gæti reynst liðinu afdrifaríkt ekki síst þar sem Rúmenar komu á óvart og náðu jafntefli gegn Rússlandi í gær.

Rakel Dögg Bragadóttir var sú eina sem skilaði sínu í sókninni en lykilmennirnir Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir nýttu hins vegar aðeins 2 af 15 skotum sínum í leiknum.

„Við vorum mjög lélegar sóknarlega. Við vorum oft að ná að spila fínt en það vantaði oft seinustu sendinguna og við vorum margar með hrikalega skotnýtingu. Vörnin var mjög fín á köflum og Jenný var að verja ágætlega. Við vorum mjög hægar upp og það vantaði bara alla geðveiki í þetta hjá okkur,“ sagði Karen Knútsdóttir.

### EM KVENNA

| | |
|---|---|
| **ÍSLAND** | **16** |
| **SVARTFJALLALAND** | **26** |

**Ísland-kvenna - Mörk (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 5/1 (6/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (4), Arna Sif Pálsdóttir 2 (5), Rut Jónsdóttir 2 (7), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (1), Hildur Þorgeirsdóttir 1 (2), Karen Knútsdóttir 1 (4), Stella Sigurðardóttir 1 (8).

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 18/1 (43/5, 42%), Marina Vukcevic (1, 0%).

**Svartfjallaland-kvenna - Mörk (skot):** Katarina Bulatovic 7/2 (15/2), Jovanka Radicevic 6/2 (7/2), Milena Knezevic 5 (11/1), Jasna Toskovic 2 (3), Ana Djokic 2 (4), Sandra Nikcevic 1 (1), Sara Vukcevic 1 (1), Majda Mehmedovic 1 (2), Biljana Pavicevic 1 (2).

**Varin skot:** Marina Vukcevic 15 (31/1, 48%).

# Þurfum að girða okkur

Jenný Ásmundsdóttir átti fínan leik í marki Íslands.

**HANDBOLTI** Jenný Ásmundsdóttir átti erfitt með að skilja hvað hreinlega gerðist hjá íslenska liðinu.

„Ég skil ekki af hverju við náum ekki að klára þetta. Við vorum búnar að skoða þær vel og vissum hvernig þær spiluðu vörnina. Við vissum hvernig markvörðurinn var og hvernig þær skutu. Við vissum að þetta yrði erfitt en við erum bara aldrei inn í þessu því miður,“ sagði Jenný sem vildi ekki gera of mikið úr eigin frammistöðu.

„Við erum búnar að sýna það að þegar við spilum vel, komum allar samstilltar og spilum vel með sjálfstraustið í lagi þá getum við átt alveg frábæran leik, skorað mörk í öllum regnbogans litum og spilað klikkaða vörn. En eins og í dag, þú fyrirgefur mér fyrir að segja það, þá spiluðum við bara með rassgatinu. Þetta er ekki nógu gott og það er ekki annað hægt en að bæta sig. Við ætlum okkur að gera góða hluti og við höfum enn þá möguleika á því. Það eru enn tveir leikir eftir en þá þurfum við að girða okkur andskoti mikið í brók,“ sagði Jenný. -óój@frettabladid.is



**JENNÝ VER** Jenný varði 18 skot í marki Íslands FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**PSG - PORTO 2-1**
**1-0 Thiago Silva (29.), 1-1 Jackson Martínez (33.), 2-1 Ezequiel Lavezzi (61.)**

**DINAMO ZAGREB - DYNAMO KIEV ?-?**
**0-1 Yarmolenko (45.) - leik ólokið fyrir prentun**

**Lokastaðan í A-riðli:** PSG 15, Porto 13. Kiev hafði 4 stig og Zagreb 0.

**OLYMPIACOS - ARSENAL 2-1**
**0-1 Tomas Rosicky (38.), 1-1 Giannis Maniatis (64.), 2-1 Kostas Mitroglou (73.)**

**MONTPELLIER - SCHALKE 1-1**
**0-1 Höwedes (56.), 1-1 Emmanuel Herrera (59.)**

**Lokastaðan í B-riðli:** Schalke 12, Arsenal 10, Olympiacos 9, Montpellier 2.

**AC MILAN - ZENIT ST. PETERSBURG 0-1**
**0-1 Danny (35.)**

**MALAGA - ANDERLECHT 2-2**
**1-0 Duda (45.), 1-1 Milan Jovanovic (50.), 2-1 Duda (61.), 2-2 Dieudonné Mbokani (89.)**

**Lokastaðan í C-riðli:** Malaga 12, AC Milan 8, Zenit 7, Anderlecht 5.

**REAL MADRID - AJAX 4-1**
**1-0 Cristiano Ronaldo (13.), 2-0 José Callejón (28.), 3-0 Kaka (49.), 3-1 Derk Boerrigter (60.), 4-1 José Callejón (88.).**

**DORTMUND - MAN. CITY 1-0**
**1-0 Julian Schieber (57.)**

**Lokastaðan í D-riðli:** Dortmund 14, Real Madrid 11, Ajax 4, Man. City 3.

Íslensku þýðingaverðlaunin
Tilnefning 2012




Til hamingju, Sigrún

Sigrún Árnadóttir er tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir Sá hlær best ...! sagði pabbi.
Það er 24. bókin um Einar Áskel sem kemur út í frábærri þýðingu hennar.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

BÓKSÖLULISTINN

# METSÖLUBÆKUR




1. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI

3. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




4. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




5. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




6. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




7. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




10. SÆTI
ÍSLENSK SKÁLDVERK
25.11.–1.12.2012
BÓKSÖLULISTI




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 21.10**

## Grey‘s Anatomy

Það verður í nógu að snúast hjá læknunum í Grey‘s Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Arizona snýr aftur á spítalann en það gengur ekki allt að óskum. Owen er enn ekki búinn að taka Cristinu í sátt og einn læknirinn kemst að því að hann á von á barni.

## Í KVÖLD



### Bourne Ultimatum

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Þriðja myndin af þeim fjórum sem hafa komið út um töffarann Jason Bourne, leikinn af Matt Damon. Myndirnar eru byggðar á samnefndri sögupersónu Roberts Ludlum. Bourne keppist hér við að leysa ráðgátu fortíðarinnar á meðan hættulegir menn eru á eftir honum. Julia Stiles fer með stórt hlutverk í myndinni.

Rotten Tomatoes 94% IMDb 8,1



### Geðveik jól á Skjá Einum

**SKJÁR 1 KL. 19.50** Geðveik jól er átak til styrktar Geðhjálpar. Fimmtán fyrirtæki hafa unnið jólatónlistarmyndbönd til styrktar málefninu og verða þau öll sýnd í opinni dagskrá. Þjóðin fær svo tækifæri til að kjósa það sem þeim þykir eiga skilið titilinn Geðveikasta jólalagið með símakosningu. Hvert atkvæði kostar 1.000 krónur og rennur allur ágóði til Geðhjálpar.

**EIMSKIP** vann keppnina í fyrra og söfnuðust þá vel yfir þrjár milljónir.



### American Horror Story

**STÖÐ 2** kl. **22.50** Hin þriggja manna Harmon-fjölskylda þarf að flýja fortíðardrauga og flytur frá Boston til Los Angeles. Þar finna þau draumahúsið sitt en komast þó fljótlega að því að ekki er allt sem sýnist því í húsinu er reimt. Óhuggulegir atburðir fara að eiga sér stað og fjölskyldan lifir í stöðugum ótta.

TV.COM 8,6 IMDb 8,3

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr minningablöðum **15.25** Bókaþing **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Hvað er stjórnun? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.20 Íþróttaannáll 2012** *(e)*
**14.55 Djöflaeyjan** *(e)*
**15.35 Hefnd** *(7:22) (Revenge) (e)*
**16.20 Allt upp á einn disk** *(1:4) (e)*
**16.50 Táknmálsfréttir**
**17.00 Jóladagatalið**
**17.01 Hvar er Völundur?**
**17.06 Jól í Snædal**
**17.31 Geymslan**
**18.00 Fréttir**
**18.30 Veðurfréttir**
**18.35 Kastljós**
**19.05 EM í handbolta** *(Ísland–Rúmenía)* **Beint frá leik á EM kvenna í Serbíu.**
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Víkingalottó**
**22.25 Dans dans dans – Dansar í úrslitum** *(e)*
**22.35 Af hverju fátækt? Sólarorkumömmur** *(Why Poverty: Solar Mamas)* Heimildamynd úr nýjum flokki um fátækt í heiminum. Í tvo áratugi hefur Bunker Roy unnið að byltingarkenndri hugmynd. Hann kennir ómenntuðum miðaldra konum í fátækum samfélögum að nýta sólarorku.
**23.30 Völundur – nýsköpun í iðnaði** *(3:5) (Fólk í forgrunni)*
**00.00 Svona á ekki að lifa** *(6:6) (How Not to Live Your Life) (e)*
**00.30 Kastljós** *(e)*
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**09.05 Chestnut: Hero of Central Park**
**10.30 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**12.30 The Painted Veil**
**14.35 Chestnut: Hero of Central Park**
**16.05 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**18.00 The Painted Veil**
**20.05 Scott Pilgrim vs. the World**
**22.00 Bourne Ultimatum**
**23.55 Outlaw**
**01.35 Scott Pilgrim vs. the World**
**03.25 Bourne Ultimatum**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(5:22)*
**08.35 Ellen** *(54:170)*
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Doctors** *(37:175)*
**10.20 60 mínútur**
**11.10 Community** *(22:25)*
**11.35 The No. 1 Ladies‘ Detective Agency** *(3:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(12:24)*
**13.25 Perfect Couples** *(5:13)*
**13.45 Gossip Girl** *(16:24)*
**14.30 The Glee Project** *(10:11)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(55:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(5:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory** *(6:23)*
**19.55 Modern Family** *(21:24)*
**20.20 New Girl** *(7:22)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum þar sem Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra.
**20.45 Up All Night** *(19:24)*
**21.10 Grey‘s Anatomy** *(7:24)*
**22.00 Touch** *(7:12)*
**22.50 American Horror Story** *(5:12)*
**23.35 Neyðarlínan**
**00.05 Person of Interest** *(6:23)*
**00.50 Revolution** *(9:22)*
**01.35 Breaking Bad** *(13:13)*
**02.25 Her Best Move**
**04.05 Touch** *(7:12)*
**04.50 New Girl** *(7:22)*
**05.15 Up All Night** *(19:24)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**17.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea – Nordsjælland** BEINT
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**22.30 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar – Juventus**
**00.20 Meistaradeild Evrópu: Celtic – Spartak Moskva**
**02.10 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35 WBA – Stoke**
**18.15 Arsenal – Swansea**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 West Ham – Chelsea**
**23.45 Reading – Man. Utd.**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Strumparnir**
**09.05 Brunabílarnir**
**09.25 Ofurhundurinn Krypto**
**09.50 Ævintýri Tinna**
**10.10 Histeria!**
**10.35 Búbbarnir** *(15:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(10:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(2:22)* Hómer er upptekinn af sjálfum sér að vanda og vanrækir að fylgjast með Milhouse og Bart. Þeir koma sér að sjálfsögðu í vandræði eins og þeim einum er lagið en það er Bart sem situr eftir í súpunni, eða öllu heldur foreldrar hans.
**17.25 Sjáðu**
**17.50 Gossip Girl** *(14:18)*
**19.00 Friends** *(2:24)* Monica og Phoebe velta því fyrir sér hver skyldi vera faðir barnsins sem Rachel gengur með og Rachel veit ekki hvort hún eigi að segja tilvonandi föðurnum frá þunguninni.
**19.50 How I Met Your Mother** *(5:20)*
**20.15 American Dad** *(16:19)*
**20.40 The Cleveland Show** *(16:21)* Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy.
**21.05 Sons of Anarchy** *(3:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Mótorhjólaklúbburinn þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**21.50 American Dad** *(16:19)*
**22.15 The Cleveland Show** *(16:21)*
**22.40 Sons of Anarchy** *(3:13)*
**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.05 Doctors** *(84:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(5:24)*
**19.00 Ellen** *(11:170)*
**19.40 Two and a Half Men** *(7:24)*
**20.05 Entourage** *(7:12)*
**20.35 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**22.05 Two and a Half Men** *(7:24)*
**22.30 Entourage** *(7:12)*
**23.00 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Top Gear** *(4:4) (e)*
**17.10 Rachael Ray**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Ringer** *(14:22) (e)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna. Bridget rekst á Dylan sem gegndi lykilhlutverki í lífi systur sinnar.
**19.25 Will & Grace** *(14:24)* Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**19.50 Geðveik jól á Skjá Einum 2012**
**21.10 Last Resort** *(3:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Hinn efnilegi leikari Darri Ingólfsson fer með hlutverk í þáttunum.
**22.00 CSI: Miami** *(11:19)* Einn albesti spennuþáttur veraldar þar sem Horatio Caine fer fyrir þrautþjálfaðri rannsóknardeild.
**22.50 House of Lies** *(8:12)* Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi. Marty Khan er yfirmaður hjá ráðgjafafyrirtæki sem þjónustar stærstu fyrirtæki veraldar. Ráðgjafafyrirtækið leitar að hæfileikaríkasta fólkinu til starfa.
**23.15 Hawaii Five-0** *(8:24) (e)*
**00.00 Dexter** *(6:12) (e)*
**01.00 Last Resort** *(3:13) (e)*
**01.50 Green Room with Paul Provenza** *(4:6) (e)*
**02.15 Excused** *(e)*
**02.40 House of Lies** *(8:12) (e)*
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Challenge **2012** (**3:4**) **12.10** Golfing World **13.00** World Challenge **2012** (**3:4**) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (**44:45**) **19.15** The Memorial Tournament **2012** (**4:4**) **22.00** Golfing World **22.50** US Open **2002** - Official Film **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





DYNAMO REYKJAVÍK

HRINGURINN EFTIR STRANDBERG OG ELFGREN

HÖRKUSPENNANDI FANTASÍA



„Sambland af Hungurleikunum og Harry Potter.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„Ógeðslega skemmtileg.“
HILDUR KNÚTSDÓTTIR, DRUSLUBÆKUR OG DOÐRANTAR

ÞÝÐANDI: ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR

BJARTUR

# Sony Center

www.sonycenter.is







Tilboð
209.990.-
Sparaðu 40.000.-



Tilboð
119.990.-
Sparaðu 10.000.-

**FRÁBÆRT VERÐ**
32" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL32EX343

- HD Ready 1366 x 768 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- EDGE LED baklýsing
- Stafrænn móttakari

Tilboð 119.990.- Verð áður 129.990.-

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION WHATHIFI.COM ★★★★★

**5 STJÖRNU VERÐLAUNAHAFI**
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP KDL40HX755
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP KDL46HX755

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Opera netvafri innbyggður

Tilboð 40" 209.990.- Verð áður 249.990.-
Tilboð 46" 289.990.- Verð áður 319.990.-

**5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM**



Tilboð
169.990.-
Sparaðu 10.000.-

**GLÆSILEG ÖRÞUNN HÖNNUN**
42" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL42EX443

- Full HD 1920 x1080 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- EDGE LED baklýsing
- Stafrænn móttakari

Tilboð 169.990.- Verð áður 179.990.-




Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

**BESTA SJÓNVARPIÐ SKV. WHAT HIFI**
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP KDL46HX855

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- 22 James Bond myndir, Blu-Ray fylgja

Verð 429.990.-



Tilboð
59.990.-
Sparaðu 10.000.-

**KLASSA HEIMABÍÓKERFI BLU-RAY**
BDVEF220

- Full HD Blu Ray spilari innbyggður
- Bravia Internet Video
- Innbyggt útvarp
- Innbyggður netvafri

Tilboð 59.990.- Verð áður 69.990.-



Spiderman þríleikurinn fylgir á meðan birgðir endast

**KRAFTMIKIÐ HEIMABÍÓKERFI BLU-RAY**
BDVE690

- 1000W / 5 hátalarar og bassi
- Full HD Blu Ray spilari innbyggður
- Ipod/Iphone dokka
- Innbyggður netvafri

Verð aðeins 119.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Ég horfi lítið á sjónvarp þessa dagana en fréttatími Ríkissjónvarpsins er alltaf í uppáhaldi. Svo bíð ég spennt eftir að spennuþættirnir Borgen byrji aftur.“**

María Sigrún Hilmarsdóttir fréttamaður.

# Harmsagan um Hamlet sett á svið 2013

Eitt frægasta verk Shakespeare fer á svið Borgarleikhússins 2013. Hefur ekki verið sýnt á Íslandi í sautján ár.

Ákveðið hefur verið að jólasýning Borgarleikhússins að ári verði Hamlet eftir Shakespeare. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, tilkynnti starfsfólki sínu tíðindin í gær og myndaðist strax mikill spenningur meðal viðstaddra, enda Hamlet eitt þekktasta leikrit allra tíma.

Í harmsögunni eftir Shakespeare leitar prinsinn Hamlet leiða til að hefna sín á föðurbróður sínum, Claudius, sem drap föður hans og tók dönsku krúnuna. Til að bæta gráu ofan á svart nældi Claudius sér í Gertrude, móður Hamlets og ekkju bróður Claudiusar, í leiðinni.

Verkið var síðast sett upp á Íslandi árið 1996 og fór Hilmir Snær Guðnason þá með aðalhlutverkið. Þröstur Leó Gunnarsson fór með hlutverk prinsins í uppfærslunni þar áður, árið 1988. Ekkert hefur verið gefið upp um mannaráðningar fyrir verkið að þessu sinni, enda enn dágóður tími til stefnu. Báðir eru þeir Hilmir Snær og Þröstur Leó þó í góðum tengslum við Borgarleikhúsið og því aldrei að vita nema annar þeirra feti aftur í spor Hamlets. Hilmir Snær er nýstiginn af sviði leikhússins þar sem hann var í hópi Vesturports sem sýndi þar verkið Bastarðar nú á haustmánuðum. Þröstur Leó er hins vegar að búa sig undir að stíga á svið um jólin, en hann fer með hlutverk í leikritinu víðfræga Mýs og menn sem verður frumsýnt á stóra sviðinu 29. desember. - trs



**LÉK HAMLET 1996** Hilmir Snær Guðnason fór með hlutverk Hamlets síðast þegar það var sett upp árið 1996.


★★★★½

*„Ísköld „Skautaferðin“ er snilldarlega ort ljóð, sterkar myndlíkingar og snerpa.“*

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

*„Áhrifin eru í senn ógnvænleg og undurfögur og sterkari en ég minnist frá lestri nokkurs annars texta ...“*

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

*„Gerður Kristný ... er einkar lagin við að orða hugsun sína svo hún nái að smjúga að hjarta hvers lesanda ...“*

KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR / DV

*„... Strandir er enn ein sönnun þess hversu gott ljóðskáld Gerður Kristný er.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

*„Gerður Kristný er það skáld okkar sem yrkir af mestri fágun, snerpu og einurð.“*

JÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR / ORÐ UM BÆKUR, RÚV




MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**MEÐ HJÓLBÖRURNAR** Hér má sjá félagana Emile Hirsch og Paul Rudd í hlutverkum sínum í endurgerð Á annan veg, Prince Avalanche.

# Flottur stökkpallur

Endurgerð Á annan veg, Prince Avalanche, frumsýnd á Sundance.

„Það er mjög erfitt að komast þarna inn svo við erum mjög glaðir,“ segir Davíð Óskar Ólafsson, framleiðandi hjá Mystery. Endurgerðin á íslensku kvikmyndinni Á annan veg, sem leikstýrt var af Hafsteini Gunnari Sigurðssyni og framleidd af Mystery, verður frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni á nýju ári.

Endurgerðin ber nafnið Prince Avalanche og skartar leikurunum Paul Rudd og Emile Hirsch í aðalhlutverkum. Leikstjórinn er David Gordon Green, en sá er öllum hnútum kunnugur á kvikmyndahátíðinni frægu. „Það var klárlega alltaf markmiðið að fara inn á Sundance, sem er ein stærsta hátíðin í Bandaríkjunum. Þangað koma allir stærstu dreifingaraðilar í bransanum til að finna falda gimsteina,“ segir Davíð Óskar og bætir við að Sundance sé besti stökkpallurinn fyrir myndina.

Markmiðið er svo að Prince Avalanche fari í dreifingu á sem flesta staði í Bandaríkjunum og Evrópu í kjölfarið á Sundance-hátíðinni. Mystery og Flickbook eiga sýningarréttinn á endurgerðinni hér á landi og býst Davíð við því að hún verði sýnd hér einhvern tíma á nýju ári, en það kemur til með að haldast í hendur við dreifingu vestanhafs. „Við vonum náttúrlega að myndinni verði dreift sem víðast. Það hafa margar myndir notið góðs gengis eftir sýningar á Sundance eins og Little Miss Sunshine, sem sló heldur betur í gegn út um allan heim eftir að hún var uppgötvuð á hátíðinni.“



Davíð Óskar ætlar sjálfur út til að vera viðstaddur frumsýninguna þann 20. janúar ásamt Hafsteini Gunnari Sigurðssyni leikstjóra, Árna Filippussyni, framleiðanda og tökumanni, og Tobie Munthe framleiðanda. „Við höfum ekkert séð af myndinni frekar en nokkur annar en leikstjórinn er með þá reglu að leyfa aðstandendum, meira að segja leikurunum, að njóta myndarinnar í miklum gæðum í kvikmyndahúsi í fyrsta sinn.“

alfrun@frettabladid.is

### Sundance-hátíðin

- Um 47 þúsund gestir sóttu hátíðina heim í byrjun þessa árs.
- Haldin árlega í Utah í Bandaríkjunum í janúar.
- Fyrsta hátíðin var í Salt Lake City árið 1978.
- Þekktir kvikmyndaleikstjórar á borð við Quentin Tarantino, Steven Soderbergh og Darren Aronofsky hafa verið uppgötvaðir á hátíðinni.
- Á annan veg kemur út á DVD-diski hér á landi í vikunni. Þar er hún í tveimur útgáfum en Gluteus Maximus hefur samið nýja tónlist við myndina sem hljómar undir annarri útgáfunni.

# Andra Snæ vel tekið vestanhafs

Bækurnar Lovestar og Blái hnötturinn fá góða dóma í virtum tímaritum.

Verk rithöfundarins Andra Snæs Magnasonar hljóta góðar viðtökur gagnrýnanda vestanhafs. Í síðustu viku kom bókin Lovestar út í Bandaríkjunum og hlaut hún strax svokallaðan stirndan dóm (e. starred review) í Publishers Weekly.

Það þykir gífurlegt hól fyrir rithöfunda að fá stjörnumerkta dóma í svo virtu riti, en í gagnrýninni er sagt að kolruglað hugmyndaflug Andra Snæs sé í yfirstærð og hressandi. Einnig er bókin sögð alvarlega fyndin hjá gagnrýnanda blaðsins Village Voice.

Þá kom barnabók Andra Snæs, Blái hnötturinn, út fyrir nokkru í Bandaríkjunum og fékk líka stirndan dóm í Publishers Weekly. Þar er Andra Snæ líkt við sjálfan Roald Dahl.

New York Times fer einnig lofsamlegum orðum um bókina og segir textann sérstaklega meitlaðan, hraðan og ljóðrænan og siðaboðskapnum sé snyrtilega komið hjá því að verða of áberandi með leikandi léttum stíl og fyndni. Blái hnötturinn hefur flakkað mikið um heiminn en hún hefur nú þegar komið út í Kína, Japan, Grikklandi, Taílandi og Kóreu auk fjölmargra Evrópulanda. - áp



**GÓÐIR DÓMAR** Bókin Lovestar eftir Andra Snæ Magnason kom út í Bandaríkjunum í síðustu viku og segir gagnrýnandi Village Voice hana alvarlega fyndna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## NOKIA LUMIA 920 MEÐ WINDOWS 8

# NÝR SNJALLSÍMI SEM ÞÚ GETUR STJÓRNAÐ MEÐ HANSKA.

Lumia 920 er fyrsti snjallsíminn þar sem hægt er að stýra öllum aðgerðum á skjánum í hönskum, t.d. svara símtali, fletta í tölvupóstinum eða skipta um lag í tónlistarspilaranum.

Windows 8 snjallsími
Þráðlaus hleðsla
Myndavél með OIS hristivörn (fljótandi linsa)
Einstaklega bjartar myndir við slæm birtuskilyrði
Nokia Drive
3G og 4G stuðningur
32GB minni auk 7GB Skydrive






NOKIA

Windows Phone

PIPAR\TBWA • SÍA • 123113

Hátækni

Hátækni er umboðsaðili Nokia á Íslandi.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lítill Fjölnir

Leikkonan **Bryndís Ásmundsdóttir** og hestakappinn **Fjölnir Þorgeirsson** skírðu son sinn um helgina. Drengurinn var skírður í höfuðið á föður sínum og hlaut nafnið Fjölnir Már Fjölnisson. Mikil hamingja er með nýjasta fjölskyldumeðliminn á heimilinu en Bryndís og Fjölnir eru búsett í Hveragerði. Fjölnir Már er þeirra fyrsta barn saman og fæddist um miðjan október.



### Mugison ferðast með Of Monsters and Men

Hljómsveitin Of Monsters and Men er nú á tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum og verður fram að jólum, þegar sveitin hyggst koma heim í frí. Eins og fram hefur komið verða tvennir tónleikar haldnir á Faktorý í byrjun janúar áður en sveitin heldur til Asíu og Ástralíu. Í febrúar verður svo haldið í Evróputúr og þá fá hljómsveitarmeðlimir góðan gest með sér því tónlistarmaðurinn **Mugison** verður með í för. Mugison mun ferðast til Bretlands, Þýskalands, Ítalíu, Sviss og Hollands og hita upp fyrir hljómsveitina. Að þessum túr loknum munu **Nanna Bryndís** og félagar leggja Brasilíu og Síle undir sig. **- kg, - þeb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Óhappið á brúnni í Kaupmannahöfn: „Þetta var mikið sjokk fyrir okkur bæði“
2. Umræðan um óhappið einkennist af gysi
3. Lögðu hald á mesta smygl í sögu Kaupmannahafnar
4. Kate Middleton losnar ekki af sjúkrahúsi í bráð





